

152. löggjafarþing 2021–2022.
Þingskjal 1462 – 766. mál.

Skýrsla

**Guðmundar Inga Guðbrandssonar, samstarfsráðherra Norðurlanda, um störf
Norrænu ráðherranefndarinnar 2021**

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forsætisráðherrar Norðurlanda	4
Samstarfsráðherrar Norðurlanda	5
Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt	10
Atvinnu- og orkumál	12
Byggðamál	15
Stafræn væðing.....	17
Umhverfis- og loftslagsmál.....	18
Menntamál og rannsóknir	21
Menningarmál	23
Félags- og heilbrigðismál.....	26
Jafnréttismál og málefni hinsegin fólks	36
Vinumál.....	37
Löggjafarsamstarf	40
Efnahags- og fjármál	41
NORDBUK.....	42
Fylgiskjal I	44
Uppbygging norræns samstarfs.....	44
Fylgiskjal II.....	47
Skammstafanir og aðrar stofnanir norræns samstarfs	47

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir því helsta sem unnið var á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2021. Ný ríkisstjórn, sem mynduð var í kjölfar kosninga í september, samþykkti á fundi sínum hinn 30. nóvember 2021 að skipa Guðmund Inga Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, sem samstarfsráðherra Norðurlanda. Áður hafði Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og núverandi innviðaráðherra, gengt embættinu frá 2017.

Þegar litið er um öxl og farið yfir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu má sjá greinileg áframhaldandi áhrif heimsfaraldursins á daglegt líf Norðurlandabúa og norræna samvinnu. Á fundi sínum hinn 20. apríl 2021 samþykktu því samstarfsráðherrarnir að fela Jan-Erik Enestam, fyrrverandi ráðherra og þingmanni frá Finnlandi, að gera stefnumótandi úttekt á því hvernig draga mætti lærdóm af kórónuheimsfaraldrinum til að efla samstarf á krísutímum og standa vörð um samþættingu á Norðurlöndunum.

Í ljósi þeirrar reynslu sem aflað hefur verið vegna heimsfaraldursins var úttektinni m.a. ætlað að draga saman norræna vitneskju og lærdóm af heimsfaraldrinum, kanna fleiri tækifæri til að nýta norrænt samstarf í framtíðinni á tímum sem þessum, einkum varðandi Norrænu ráðherranefndina, og móta áþreifanlegar hugmyndir og tillögur um slíkt.

Áhersla var á að þessar hugmyndir og tillögur næðu til atriða þar sem ráðherranefndin gæti aukið vægi samstarfsins, til dæmis með því að vera vettvangur til samræðna, til að skiptast á upplýsingum og reynslu eða til gagnkvæmrar samræmingar á aðgerðum stjórnvalda. Meðal þessara atriða má nefna aukinn hreyfanleika, opinn vinnumarkað og frjálsa för á Norðurlöndum, sérstaklega áskoranir landamærasvæða, málefni sem tengjast sýkingavörnum og ógnum við heilsu og stuðning við áframhaldandi samþættingu í takt við Framtíðarsýnina 2030 (Vores Vision 2030). Lögð var áhersla á að þessar hugmyndir og tillögur skyldu byggðar á fyrirliggjandi skipulagi norræns samstarfs.

Á árinu leiddi Finnland störf Norrænu ráðherranefndarinnar undir yfirskriftinni „Norðurlönd saman“ þar sem lögð var áhersla á framtíðarsýn norræns samstarfs um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Finnland setti einnig fram leiðbeiningar um virkt samstarf til þess að skapa grænni, samkeppnishæfari og félagslega sjálfbærari Norðurlönd. Í tengslum við heimsfaraldurinn lagði Finnland áherslu á að vinna bug á ýmsum vandkvæðum og

hindrunum á milli landanna og að koma í veg fyrir nýjar hindranir að svo miklu leyti sem það er gerlegt.

Þetta styðja íslensk stjórnvöld og leggja áherslu á mikilvægi þess að læra af kórónuveirufaraldrinum og skoða vel hvað megi gera með öðrum hætti til að vera betur undirbúin þegar næsti faraldur skellur á.

Óumdeilt er að Norðurlöndin eru samkeppnishæfari og sterkari þegar þau standa saman heldur en hvert í sínu lagi, eins og kom berlega í ljós í glímunni við heimsfaraldurinn. Náið samstarf landanna er ekki aðeins æskilegt heldur einnig nauðsynlegt til að takast á við vandamál líkt og heimsfaraldurinn. Sem dæmi má nefna að í borgarabjónustunni reyndi mikið á norrænt samstarf þegar landamæri heimsins lokuðust eitt af öðru og einnig í tengslum við dreifingu bóluefnis gegn COVID-19. Þrátt fyrir þetta góða samstarf komu upp vandkvæði sem sýna að Norðurlöndin þurfa greinilega að efla enn frekar innbyrðis samstarf á sviði heilbrigðisviðbúnaðar þegar vá ber að dyrum (e. health emergency preparedness). Þá er einnig mikilvægt að standa vörð um lýðræði, réttarríkið og þau almennu mannréttindi sem Norðurlöndin standa fyrir og eiga undir högg að sækja víða um heim.

Skýrsla þessi er ekki tæmandi þegar kemur að umræðu hið mikla og fjölbreytta samstarf sem fram fer meðal Norðurlandanna. Hún gefur yfirlit um nokkuð af því sem hæst bar á árinu og þann ávinning sem náðst hefur, í því augnamiði að styrkja Norðurlandasamstarfið.

Forsætisráðherrar Norðurlanda

Líkt og á síðasta ári riðlaðist hefðbundin dagskrá vegna heimsfaraldurs COVID-19 en venju samkvæmt hittast forsætisráðherrar Norðurlanda tvisvar á ári, annars vegar á óformlegum sumarfundi og hins vegar í tengslum við Norðurlandaráðsþing. Ekki reyndist unnt að bjóða til hefðbundins sumarfundar sem áformaður var í Helsinki og ekki var gripið til fjarfundar að þessu sinni. Norðurlandaráðsþing fór hins vegar fram með hefðbundnum hætti í Kaupmannahöfn í nóvember 2021 þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tók þátt í leiðtogafundi forsætisráðherra Norðurlandanna og flutti ávarp á þinginu. Á fundinum var rætt um hvaða lærdóm Norðurlandabúar gætu dregið af heimsfaraldrinum og hvernig efla megi norrænt samstarf í framtíðinni.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tók einnig þátt í fundi norrænna forsætisráðherra samhliða þingi Norðurlandaráðs en á fundinum samþykktu ráðherrarnir yfirlýsingu um aukið norrænt samstarf á sviði birgðaöryggis og viðbúnaðar. Þá ræddu þeir um sjálfbæra orkunýtingu og orkuöryggi á Norðurlöndunum. Þá átti forsætisráðherra tvíhliða fundi, annars vegar með Jonas Gahr Støre, forsætisráðherra Noregs, og hins vegar með Múte B. Egede, formanni landstjórnar Grænlands. Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins (NATO), var sérstakur gestur Norðurlandaráðsþings í Kaupmannahöfn. Hann hélt ávarp og tók þátt í umræðum með leiðtogum Norðurlandanna og þátttakendum á þingi Norðurlandaráðs um öryggis- og varnarmál í norrænu samhengi.

Vegna breytinga á hefðbundinni dagskrá norrænu leiðtoganna var leitast við að nýta önnur tækifæri sem gáfust til að funda með norrænu forsætisráðherrunum. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra átti til að mynda fund með Sönnu Marin, forsætisráðherra Finnlands, samhliða ráðstefnu í París á vegum franska stjórnvalda um verkefnið *Kynslóð jafnréttis*. Þar ræddu forsætisráðherrarnir m.a. um tvíhliða samskipti Íslands og Finnlands í aðdraganda 75 ára afmælis stjórnmalasambands landanna og stöðuna í baráttunni við COVID-19. Þá fundaði forsætisráðherra með Bárði á Steig Nielsen, lögmanni Færeyja, samhliða þátttöku í Hringborði Norðurslóða í Reykjavík. Forsætisráðherra tók að auki þátt í hliðarviðburði norrænna forsætisráðherra um grænar fjárfestingar á loftslagsráðstefnunni COP26 í Glasgow í nóvember. Þar kynntu norrænu ráðherrarnir nýtt framlag til Nordic Investment Coalition ásamt einkareknum fjárfestingarsjóðum í Bretlandi og á Norðurlöndum.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda

Fyrir hönd forsætisráðherra Norðurlandanna fara samstarfsráðherrar (MR-SAM) með ábyrgð norræna ríkisstjórnarsamstarfsins. Samstarfið fer fram á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og miðar að því að auka ávinning fyrir einstök lönd og íbúa þeirra, á grunni sameiginlegra gilda á borð við traust, gagnsæi og jafnrétti. Nefndin tekur í störfum sínum mið af *Framtíðarsýn norræns samstarfs*, sem byggir á að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims á árunum fram til 2030, og var samþykkt á formennskuári Íslands árið 2019.

Finnland tók við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni af Danmörku, Færeyjum og Grænlandi í upphafi árs 2021. Í formennskuáætlun Finnlands var lögð sérstök áherslu á virkt samstarf til þess að skapa grænni, samkeppnishæfari og félagslega sjálfbærari Norðurlönd. Á árinu hélt COVID-19 heimsfaraldurinn áfram að setja mark sitt á samstarfið, bæði efnislega og á umgjörðina, en COVID-19-tengd málefni voru til umræðu á flestum fundum samstarfsráðherranna. Af fimm fundum þeirra á árinu voru tveir fjarfundir og þrír staðfundir.

Á fjarfundi norrænu samstarfsráðherranna í upphafi árs var fjallað um mikilvægi þess að standa vörð um norrænt samstarf á tímum heimsfaraldurs og leiðir til að efla samstöðu við slíkar aðstæður. Sérstaklega var rætt um áhrif faraldursins á frjálsa för fólks, einkum fyrir fólk og fyrirtæki á landamærasvæðum, og tiltrú og traust fólks á norrænu samstarfi í kjölfar takmarkanna sem settar voru vegna faraldursins. Á fundinum var einnig fjallað um aukið samstarf Norðurlanda varðandi öryggi birgðagetu á hinum ýmsu sviðum, s.s. lyfja- og matarbirgða, og hins vegar viðbúnaðargetu til að bregðast við öðrum ógnum eða heimsfaröldrum í framtíðinni. Á fundinum samþykktu ráðherrarnir einnig heildarramma fjárlaga fyrir árið 2022, að upphæð 969 023 milljóna danskra króna (DKK) á verðlagi ársins 2021, og lögðu áherslu á ráðstöfun fjármuna í samræmi við framtíðarsýnina.

Á fundi ráðherra í apríl var rætt um nauðsyn þess að gera úttekt á áhrifum heimsfaraldursins á norrænt samstarf og hvernig standa megi vörð um og styrkja samþættingu á Norðurlöndum á tímum sem þessum. Að tillögu finnska samstarfsráðherrans var ákveðið að fela áður nefndum Jan-Erik Enestam, fyrrverandi þingmanni og ráðherra í Finnlandi, að vinna slíka úttekt en Enestam gegndi einnig stöðu framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs árin 2007-2013. Á fundinum var einnig fjallað um mál varðandi vinnu skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar við innri endurskoðun og fjármálastjórn.

Í júní 2021 gátu samstarfsráðherrarnir hist í eigin persónu í fyrsta sinn frá því að heimsfaraldurinn skall á. Fundurinn var haldinn í Borgå í Finnlandi og voru fjármál Norrænu ráðherranefndarinnar þar sérstaklega til umræðu. Töf var á framlagningu ársreikninga nefndarinnar fyrir árið 2020 vegna innleiðingar á nýju bókhaldskerfi árin 2019 og 2020 en það reyndist bæði tímafrekara og flóknara en til stóð. Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi þess að öll umsýsla með fjármálum nefndarinnar væri tryggð með gagnsæjum hætti og að fullvissa ríkti um að fjármunir nýttust eins og til væri ætlast.

Samstarfsráðherrarnir hittust næst í Maríuhöfn á Álandseyjum um miðjan september. Fundurinn var haldinn á 100 ára afmæli sjálfstjórnar Álandseyja. Á

fundinum var m.a. rætt um samstarf Norðurlandanna, bæði á tímum kórónuveirufaraldursins og í framtíðinni. Þar kynnti Jan-Erik Enestam niðurstöður sínar úr þeirri stefnumótandi úttekt sem ráðherrarnir höfðu falið honum að gera á fundi sínum í apríl. Stjórnsýsluhindranaráðið og starf þess var einnig til umræðu og funduðu ráðherrarnir með meðlimum ráðsins. Var sérstaklega til umræðu að samkvæmt skýrslum ráðsins kemur fram að á hættutímum, svo sem í skugga COVID-19 heimsfaraldursins, vegur heilbrigðisöryggi landanna¹ meira en frjáls för borgara milli Norðurlandanna. Á fundinum var einnig rætt um áhuga landanna á að stofna ad hoc samstarf um samgöngumál (d. transport) eða jafnvel að setja á fót ráðherranefnd samgöngumála. Slíkt samstarf hefur verið ein af óskum Norðurlandaráðs um aukið samstarf Norðurlanda. Ekki náðist þó samstaða meðal landanna um þetta mál að sinni, meðal annars vegna þeirra áherslna sem nú þegar eru um græn samgöngumál í framtíðarsýn 2030 og framkvæmdaáætluninni 2021-2024.

Samstarfsráðherra tók einnig þátt í þemaþingi Norðurlandaráðs í júní um viðbrögð við kórónuveirufaraldrinum og gerði þar grein fyrir stöðu faraldursins á Íslandi. Fór ráðherra m.a. yfir þann lærdóm sem draga mátti af faraldrinum þar sem fram kom að samskipti við almenning væri einn mikilvægasti hlekkurinn í viðbragði við almannavá. Stöðug samskipti, þar sem gætt er sérstaklega að trúverðugleika, stuðla helst að þátttöku fólks í sóttvarnaraðgerðum.

Þing Norðurlandaráðs fór fram í Kaupmannahöfn dagana 1.- 4. nóvember 2021 en Danmörk fór með formennsku í Norðurlandaráði á árinu 2021. Samhliða þinginu héldu samstarfsráðherrar Norðurlandanna síðasta fund ársins og þann síðasta undir formennsku Finnlands. Í tengslum við þingið funduðu samstarfsráðherrarnir með forsætisnefnd Norðurlandaráðs þar sem rætt var um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2022, viðbrögð landanna við heimsfaraldrinum og stjórnsýsluhindranir sem bitna á norrænum borgurum. Ánægja var með að samkomulag náðist milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um auknar fjárveitingar m.a. til menningar- og menntamála innan fjárhagsáætlunarinnar 2022.

Þá voru kynntar fyrir þinginu niðurstöður og tillögur í stefnumótandi úttekt Jan-Erik Enestam, sem einnig var gestur þingsins, um hvernig draga megi lærdóm af

¹ Heilbrigðisöryggi er hugtak sem nær yfir starfsemi og ráðstafanir þvert á landamæri sem draga úr lýðheilsuslysum eða atvikum til að tryggja heilbrigði íbúa. Er þetta hugtak í stöðugri þróun á sviði alþjóða samskipta og öryggisrannsókna.

kórónuheimsfaraldrinum til að efla samstarf á krísutímum og standa vörð um samþættingu á Norðurlöndunum. Í úttektinni má m.a. finna tillögur um mikilvægi aukins samráðs, samhæfingar og upplýsingaskipta. Fram kom að auka megi viðbúnað með betra viðvörunarkerfi, sameiginlegum greiningum og æfingum fyrir ólíkar aðstæður, s.s. framtíðar heimsfaraldra eða náttúruógnir. Loks má nefna verkefni um sameiginlegt útboð á bóluefnum og viðbúnaðarbirgðum, einkum viðbúnaðarbirgðum með lækningatækjum og búnaði, ásamt vörum sem mikil þörf væri á með stuttum fyrirvara samkvæmt sviðsmynd um hættuástand. Einnig funduðu samstarfsráðherrar Vestnorrænu ríkjanna, Íslands, Færeyja og Grænlands, í tengslum við þingið, þar sem rætt var um hvernig hægt væri að efla og gera samstarf landanna þriggja skilvirkara.

Norræna stjórnarsýsluhindranaráðið, sem heyrir undir samstarfsráðherra, vinnur að því að koma auga á og greina stjórnarsýsluhindranir, koma með tillögur að lausn þeirra, benda á leiðir til að koma í veg fyrir að löggjafarstarfið í löndunum geti af sér nýjar hindranir, auk þess að benda á hvar megi bæta upplýsingaflæði til borgaranna vegna hindrana sem ekki hefur enn verið leyst úr. Umboð ráðsins var endurnýjað á árinu og gildir fyrir tímabilið 2022-2024. Umboðið var styrkt og mun ráðið nú einnig safna upplýsingum um hindranir á hreyfanleika milli landanna á hættutímum, upplýsa ríkisstjórnir um þær og leggja til lausnir. Þá hefur samstarf ráðsins við samstarfsráðherrana og Norðurlandaráð einnig verið eflt. Markmið ráðsins er að afgangi 8-12 hindranir á ári en þær voru 12 talsins árið 2021. Af þeim voru átta leystar en ekki reyndist unnt að leysa fjórar hindranir við núverandi aðstæður. Ekki er unnt að leysa allar hindranir því að löggjöf landanna er oft ólík og stundum skortir vilja til að breyta löggjöf eða framkvæmd reglna heima fyrir. Meðal leystra hindrana má nefna viðurkenningu forsjárvottorða. Lausnin fólst í að fyrirkomulagi á skráningu forsjár barna einstæðra íslenskra foreldra í Noregi var breytt á þann veg að forsjárvottorð útgefín af Þjóðskrá Íslands verða tekin gild sem staðfesting á forsjá í Noregi (frekari upplýsingar má finna á eftirfarandi vefslóð: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/09/03/Skraning-forsjar-barna-einstaetra-foreldra-i-Noregi/>). Mikill fjöldi kórónuveirutengdra vandamála kom upp á árinu, m.a. vegna mismunandi reglna um sóttkví milli landa og för yfir landamæri. Ráðið vann að lausn margra þeirra, m.a. með þrýstingi á stjórnvöld með beinum viðræðum og bréfaskrifum.

Sérfræðingahópur um sjálfbæra þróun starfar innan Norrænu ráðherranefndarinnar og er skipaður sérfræðingum á sviði sjálfbærni frá öllum Norðurlöndunum. Hópurinn gegnir meðal annars ráðgjafahlutverki gagnvart

Norrænu samstarfsnefndinni (NSK) og samstarfsráðherrum Norðurlanda vegna framkvæmdar og eftirfylgni framtíðarsýnarinnar fyrir 2030. Í því felst meðal annars að tryggja að vinnan að framtíðarsýninni stuðli að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og öðrum alþjóðlegum markmiðum Norðurlandanna á sviði sjálfbærrar þróunar. Áhersla er lögð á sjálfbæra neyslu, réttlát græn umskipti og þátttöku þriðja geirans, barna og ungmenna. Þá hefur sérfræðingahópurinn tekið þátt í vinnu við að uppfæra sjálfbærnimælikvarða Norrænu ráðherranefndarinnar svo að þeir mæli framgang framtíðarsýnarinnar.

Árið 2021 hélt sérfræðingahópurinn meðal annars utan um gerð stöðuskýrslu sem ráðgjafafyrirtækið Rambøll Management Consulting vann og byggir á þeim 45 mælikvörðum sem valdir voru fyrir framtíðarsýnina. Stöðuskýrslan verður leiðarvísir fyrir áframhaldandi vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar að framkvæmd framtíðarsýnarinnar.

Sérfræðingahópurinn gegnir einnig hlutverki viðmiðunarhóps í tveimur þverfaglegum verkefnum undir Norrænu ráðherranefndinni, en auk þess fara fulltrúar hópsins með formennsku í umræddum verkefnum. Viðmiðunarhópnum er ætlað að fylgjast með framvindu verkefnanna og veita ráðleggingar um framhaldið. Annað verkefnið nefnist „Sjálfbær lífsstíll á Norðurlöndunum“ (e. Sustainable lifestyle in the Nordic Region) og er markmið þess að auðvelda fólki á Norðurlöndum að lifa sjálfbærum lífsstíl. Verkefnið skiptist í sex hluta: sjálfbær og heilsusamleg matvæli, sjálfbær menningarupplifun, Svaninn – Norræna umhverfismerkið, menntun til sjálfbærrar þróunar, sjálfbæran lífsstíl út frá jafnréttissjónarmiðum og kynningarherferð sem beinist að ungu fólki. Norræna húsið í Færeyjum heldur utan um framkvæmd verkefnisins. Hitt verkefnið nefnist „Ekki einungis græn umskipti“ (e. Not „Just“ a Green Transition) og er markmið þess að stuðla að réttlátum umskiptum í átt að kolefnishlutlausum Norðurlöndum. Það verður meðal annars gert með því að útbúa þekkingargrunn um réttlát græn umskipti og hvernig loftslagsstefnur hafa áhrif á íbúa Norðurlandanna fimm og sjálfstjórnarsvæðanna þriggja. Þá verða þróaðar stefnutillögur um réttlát græn umskipti fyrir norrænt samstarf og Norðurlöndin. Nordregio heldur utan um framkvæmd verkefnisins.

Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt

Norræna embættismannanefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (EK – FJLS (executiv))

Málaflokknum um auðlindamál, FJLS, er stýrt af framkvæmdanefnd sem hefur eins konar mótandi og fjárhagslegan tilgang, ásamt því að undirbúa samráðsfund allra ráðherra málaflokksins sem haldinn er í júní ár hvert. Þannig starfa þrjár undirnefndir fyrir málaflokkana: undirnefnd um fisk og fiskeldi, landbúnað og skógrækt, auk matvæla. Fjárhagsrammi málaflokksins er um 48 millj. DKK sem skiptist beint á málaflokka og undirstofnanir eftir vægi. Helmingur þessa fjár fer til Norræna genabankans, NordGen, sem hefur því talsvert vægi í umfjöllun nefndarinnar. NordGen flytur á árinu 2022 í nýjar höfuðstöðvar í Alnarp í suðurhluta Svíþjóðar, en eldra húsnæði uppfyllir hvorki þarfir starfseminnar né starfsmanna. Áskorunin árið 2021 var því að koma þessu í kring og undirbúa, samhliða aukinni starfsemi nefndarinnar sem litaðist að sjálfsögðu af COVID-19 og fundir voru því allir í netheimum. Nefndin hélt fjóra fundi auk netfundar ráðherranna.

Embættismannanefnd um fiskveiðar og fiskeldi (EK – FISK (F))

Fyrir hönd norrænu sjávarútvegsráðherranna stóð embættismannanefndin um fiskveiðar og fiskeldi fyrir nokkrum viðburðum á árinu og studdi og hleypti af stokkunum ýmsum samstarfsverkefnum. Í starfi sínu naut nefndin liðveislu norræns vinnuhóps sérfræðinga (AG-Fisk) um fiskveiðar og fiskeldi. Eins og hefðbundið er hefur verið lögð áhersla á að upplýsa um stöðu mála í hverju ríki.

Takmarkanir vegna COVID-19 höfðu sín áhrif á starfið og því var aðeins einn staðfundur EK-FJLS (fiskveiðar og fiskeldi) á formennskuári Finnlands í Vasa en aðrir fundir voru fjarfundir. Á árinu lauk til dæmis nokkrum verkefnum án þess að allt fjármagn sem úthlutað hafði verið til þeirra væri að fullu nýtt vegna COVID-19 og því verður þessu fjármagni ráðstafað til nýrra verkefna. Þó voru nokkrir viðburðir haldnir og má t.d. nefna Nordic Salmon vinnufund um laxeldi sem haldinn var í október í Þekkingarsetrinu Ölfus Cluster í Þorlákshöfn á Íslandi og ráðstefnu í desember um áhrif loftlagsbreytinga á fiskveiðar og fiskeldi sem haldin var á Helsingjaeyri (Helsingør) í Danmörku.

Embættismannanefnd um landbúnaðar- og skógræktarmál (EK – Jord og Skog (J og S))

Embættismannanefndin um landbúnaðar- og skógræktarmál kom tvisvar saman til fundar á árinu. Annar fundurinn var fjarfundur vegna COVID-19. Venju samkvæmt voru aðilar frá Norrænu erfðaauðlindastofnuninni (NordGen), norrænu nefndinni um landbúnaðarrannsóknir (NKJ) og samstarfsnetinu um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) á fundunum. Í starfi nefndarinnar var áfram lögð áhersla á framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2021-2024 sem falla undir þverfaglegt samstarf. Farið var yfir ársskýrslu NordGen 2020 og starfsáætlanir SNS og NKJ fyrir árið 2021.

Embættismannanefnd um matvæli (EK – Livs (L))

Að frumkvæði embættismannanefndarinnar um matvæli var á árinu haldið vefnámskeið (webinar) undir yfirskriftinni: „Frá vísindum og leiðbeiningum til umbreytingar matvælakerfis“ í tilefni af leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um matvælakerfið. Þar var fjallað um þá mikilvægu áskorun um hvernig megi breyta matarvenjum. Á námskeiðinu var lögð sérstök áhersla á norrænu næringarráðleggingarnar 2022 (NNR) sem leiðandi dæmi um svæðisbundið samstarf um samsetningu fæðis og ráðlagða neyslu næringarefna. Á árinu 2022 verður fimmta útgáfa NNR gefin út og byggir hún á nýjustu vísindum úr næringar-, heilsu- og umhverfisvísindum, en í fyrsta skipti munu þessar tillögur jafnframt innihalda sjálfbærni viðmið.

Þá var Nutri-Score hollustumerkið nokkuð til umræðu. Um er að ræða valkvætt og notendavænt næringarmerki sem heilbrigðisyfirvöld í nokkrum ríkjum Evrópusambandsins hafa kallað eftir að verði lögbundið en ekki ríkir eining á milli aðildarríkja ESB um að svo verði. Norðurlöndin hafa langa reynslu af matvælamerkingum sem eiga að stuðla að betra vali, bæði sameiginlegar eins og Skráargatið, en einnig landsbundnar eins og t.d. finnska Hjartamerkið. Helsti vandinn við Nutri-Score-merkið er að mataræði Norðurlandabúa er að nokkru leyti ólíkt því sem tíðkast sunnar í Evrópu. Rætt var um hvort löndin ættu að koma skoðunum sínum á framfæri saman eða í sitt hvoru lagi til höfunda merkisins. Niðurstaðan varð sú að sent var sameiginlegt bréf til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Atvinnu- og orkumál

Embættismannanefnd um orkumál (EK-E)

Norræna embættismannanefndin um orkumál (EK-E) hélt fimm fjarfundi á árinu 2021, en auk þess hittust ráðuneytisstjórar á einum fjarfundi. Fundur ráðherra orkumála féll niður á árinu vegna forfalla í hópnum.

Norræna orkusamstarfið byggist á samstarfsáætlun sem gildir fyrir tímabilið 2018-2021. Ný samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2022-2024 var þó lögð fram á árinu. Helstu áhersluþættir snúa að norræna raforkumarkaðnum, orkunýtni, orkurannsóknnum, endurnýjanlegri orku til raforkuframleiðslu og samgangna. Í starfi embættismannanefndarinnar og vinnuhópa hennar er aukin áhersla lögð á áhrif og samspil Evrópulöggjafar á norrænt orkusamstarf og upplýsingaskipti og samráð um stefnu norrænu landanna í orkumálum.

Meginhlutverk embættismannanefndarinnar laut að því að móta verkefni í framkvæmdaáætlun 2021–2024 sem fylgja skulu eftir framtíðarsýninni um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Verkefnishugmyndir voru settar fram í eftirfarandi flokkum: endurnýjanleg orka, orkurannsóknir, vindorka á hafi, kolefnisföngun, rafvæðing, norrænt raforkumarkaðssamstarf, visthönnun, orkunýtni, glatvarmi og hringrásarhagkerfi, ESB stefnumótun, almenningsátt og orkuskipti í samgöngum. Þessu til viðbótar fer EK-E með yfirumsjón með þverfaglegu verkefni samstarfsráðherranna um orkuskipti í samgöngum. Fulltrúar landanna í EK-E skipta verkefnum á milli sín og eru þannig tengiliðir þeirra. Í hlut Íslands féllu verkefni um orkuskipti í samgöngum. Af Íslands hálfu var lögð fram verkefnisumsókn um orkuskipti í þungaflutningum með þátttöku nokkurra Norðurlanda. Fjórir fastir vinnuhópar starfa alla jafna undir hatti embættismannanefndarinnar um orkumál. Þeir eru eftirfarandi: Nordsyn sem snýr að verkefnum um visthönnun og orkunýtni, EMG sem fjallar um norræna raforkumarkaðinn, AGFE sem snýr að endurnýjanlegum orkugjöfum og NGCCUS sem er nýlegur hópur um kolefnisbindingu.

Á fjarfundi norrænna ráðuneytisstjóra orkumála, sem haldinn var í nóvember 2021, var rætt um raforkumarkaðinn og þær nýlegu verðhækkningar sem löndin standa frammi fyrir. Einnig var til umræðu stefnumótun um endurreisn hagkerfisins eftir COVID-19 heimsfaraldurinn. Þá var til umræðu Evrópulöggjöf sú sem er í mótun undir yfirskriftinni „Fit for 55“ og þær áherslur sem er þar að finna og varða orkumarkaðinn og hvernig hann muni stuðla að kolefnishlutleysi.

Mikil starfsemi er á vettvangi Norrænna orkurannsókna (NEF). Töluverð áhersla er á orkuskipti. Skýrsla var gefin út um rafeldsneyti: „Hydrogen, electrofuels, CCU and CCS in a Nordic context“. Þá er árlega gefin út stöðuskýrsla sem sýnir þróun norrænu ríkjanna í átt að kolefnishlutleysi: „Tracking Nordic Clean Energy Progress 2020“. Skýrsla um vindorku á hafi er í vinnslu og mun koma út á árinu 2022.

Embættismannanefnd um atvinnumál (EK-N)

Ráðherrar atvinnumála hittust á tveimur rafrænum fundum á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn þann 9. júní að frumkvæði sænska iðnaðar- og viðskiptaráðherrans en yfirskrift þess fundar var að kanna áhuga á norrænu samstarfi um bóluefnaframleiðslu, rannsóknir og nýsköpun á því sviði. Samþykkt var að fara af stað með fýsileikakönnun á möguleikum slíkrar samvinnu og er það verkefni þegar farið af stað. Hér á landi verður greiningin unnin í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og var ráðgjafafyrirtækið Landás ehf. fengið til að leiða þá vinnu.

Seinni fundur ráðherra fór fram þann 16. september undir stjórn Finnlands. Á fundinum var samþykkt að leggja 2,5 milljónir DKK í norrænt ferðaþjónustuverkefni undir heitinu „Measuring sustainability, resilience and regeneration to strengthen cooperation on sustainability objectives – A Nordic Model for Regenerative Tourism“, en það byggir á fyrri greiningum um sjálfbæra ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Ísland leiðir verkefnið og hefur verið gengið til samstarfs við Íslenska ferðaklasann um umsjón þess.

Á ráðherrafundinum var einnig samþykkt markmið um að auka norrænt samstarf um sjálfbærar lausnir fyrir vinnslu, framleiðslu og endurvinnslu málma og heldur Orkustofnun utan um þátttöku Íslands í því verkefni.

EK-N nefndin hélt fimm fundi á árinu: fjórir fundir voru á rafrænu formi og einn staðfundur var haldinn í Helsinki.

Í samræmi við sýn norræna samstarfsins um Norðurlöndin sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 var haldið áfram vinnu við átta áhersluverkefni í þágu nýsköpunar og sjálfbærrar atvinnuþróunar. Norræni nýsköpunarsjóðurinn (Nordic Innovation (NI)) hefur umsjón með þeim verkefnum í samstarfi við hagaðila og fulltrúa landanna.

Ýmis önnur verkefni voru unnin í samstarfi við NI og norrænu nýsköpunarhúsin „Nordic Innovation houses“ sem rekin eru á nokkrum stöðum í heiminum. Líkt og undanfarin ár fengu íslensk sprotafyrirtæki tækifæri til þjálfunar í samstarfi við

nýsköpunarhúsið í Kísildal (Silicon Valley) og styrkti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tvö íslensk fyrirtæki til slíkrar þjálfunar á árinu.

Formennskuverkefnið sem sett voru á fót á formennskuári Íslands árið 2019 eru flest hver komin á lokastig en nokkur voru framlengd vegna heimsfaraldurs. Verkefninu „Staðbundinn matur í ferðaþjónustu“ (Nordic Food in Tourism) lauk til að mynda með norrænni ráðstefnu á Egilsstöðum í lok september 2021 þar sem kynntur var afrakstur þriggja ára vinnu við kortlagningu á stöðu norrænnar matargerðar og framtíðar í sjálfbærri matarferðaþjónustu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leiddi verkefnið í samstarfi við Íslenska ferðaklasann og Mátis.

Fundur norrænna byggingar- og húsnæðismálaráðherra var haldinn í Helsinki þann 22. nóvember, formlega undir hatti EK-N. Á fundinum var meðal annars rætt um hvaða þætti innan Evrópusambandsins væri óskað eftir að þétta í norrænni samvinnu. Fulltrúi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Ruth Reichstein, var sérstakur gestur á fundinum og kynnti nýtt átak, „New European Bauhaus“ (NEB), um hið byggða umhverfi út frá nýsköpun, fagurfræði, umhverfismálum og tækni. NEB talar beint inn í markmið um grænni Norðurlönd og minnkun á kolefnisspori byggingariðnaðarins. Ákveðið var að setja á laggirnar stýrihóp til að fjalla um og þróa áfram norrænar aðgerðir í tengslum við NEB.

Á fundinum var farið yfir vinnu Norræna stýrihópsins um samræmdar byggingarreglugerðir og rætt um áherslusvið til að skapa samþættari norrænan húsnæðis- og byggingarmarkað. Þá var ítrekað að líftímagreining bygginga (e. life cycle analysis, LCA) ætti að verða skylda í regluverkinu og samræmd innan Norðurlandanna. Unnið er markvisst að LCA hér á Íslandi og er mikil þátttaka í allri norrænni samvinnu á þessu sviði. Nefna má að Norræna ráðherranefndin ákvað að styrkja rannsóknir og samvinnu vegna þessa og hefur innviðaráðuneytið hlotið styrk fyrir milligöngu nefndarinnar að upphæð 40 m. ISK á ári næstu þrjú árin. Þessi íslenski hluti norræna verkefnisins verður unninn í samvinnu innviðaráðuneytis og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) en HMS fer með framkvæmd verkefnisins.

Rætt var um áhrif COVID-19 á byggingariðnaðinn. Öll Norðurlöndin glíma nú við áhrif heimsfaraldursins og voru áhyggjur landanna ræddar með hugleiðingum um aðgerðir til að sporna gegn þessari alvarlegu þróun.

Byggðamál

Byggðastefna

Samstarfi Norðurlanda á sviði byggðamála er ætlað að tryggja áframhaldandi góða samkeppnisfærni svæðisins án þess að það komi niður á umhverfi, loftslagi eða samfélaginu í heild. Einnig ber að búa öll byggðarlög á Norðurlöndum undir að takast á við gríðarleg umskipti og kreppur. Framtíðarsýnin fyrir 2030 sem forsætisráðherrar landanna samþykktu árið 2019 vegur þungt í samstarfsáætlun um byggðaðróun og endurspeglast í aðgerðum hennar. Samstarfsáætlun um byggðaðróun og skipulagsmál fyrir tímabilið byggir á megináherslum um:

- græna borgarþróun með þátttöku allra,
- græna strjálbýlisþróun með þátttöku allra
- græn, nýskapandi og viðnámsþolin svæði.

Vinnuhópar samstarfsáætlunarinnar með liðsinni Nordregio hafa lagt fram starfsáætlanir til að vinna að framangreindum þremur megináherslum samstarfsáætlunarinnar og sett af stað verkefni til að vinna að þeim. Þessir hópar ganga undir nöfnunum þemahópar TGA, TGB og TGC og eru skipaðir tveimur fulltrúum frá hverju landi og sjálfstjórnarsvæði. Verkefni þemahópanna gefa innsýn í hvernig fengist er við málefnið annars staðar á Norðurlöndum og að leiða til þekkingaryfirfærslu.

Fundur norrænu byggðamálaráðherranna (MR-R) var haldinn rafrænt undir formennsku Finnlands í september. Áherslur fundarins voru græn endurheimt svæða og fjarvinnustörf (Multilokalitet). Ákvörðun fundarins var að ráðherranefndin léti hefja norræna rannsókn til að greina þróun fjarvinnu og fjölbúsetu ásamt því hvaða tækifæri og áskoranir eru í þessari framþróun. Niðurstöður skulu liggja fyrir sumarið 2022.

Embættismannanefnd í byggðaðróun- og skipulagsmálum (EK-R) fundaði sex sinnum á árinu.

Norræna rannsóknastofnunin um byggðaðróun, Nordregio

Nordregio er samnorræn rannsóknastofnun á sviði byggðað- og skipulagsmála með aðsetur í Stokkhólmi og heyrir hún undir embættismannanefndina í byggðaðróun- og skipulagsmálum (EK-R). Stofnunin er leiðandi í rannsóknum og upplýsingamiðlun á sínu sviði og er virk í evrópsku og alþjóðlegu

rannsóknarsamstarfi. Rannsóknasamstarfi stofnunarinnar á sviði byggðaðróunar er ætlað að stuðla að því að til verði ný þekking sem byggja má á stefnu í öllum löndunum, á svæðunum og í sveitarfélögum.

Árið 2021 hafði COVID-19 mikil áhrif á störf Nordregio, en eðli máls samkvæmt hvílir norrænt samstarf að mjög miklu leyti á gagnvirkum samskiptum Norðurlandþjóðanna á fundum og ráðstefnum sem færðust að mestu leyti á netið. Þetta kallaði á breytt vinnulag og nýjar nálganir. Dæmi þar um má sjá á stórum og smærri vefráðstefnum og viðburðum af ýmsu tagi sem Nordregio stóð fyrir á árinu. Mikil þátttaka var á þessum viðburðum og yfirleitt tengdust þeir með beinum hætti framtíðarsýninni fyrir 2030 en stórum hluta af vinnu Nordregio árið 2021 var varið í stefnumótunarvinnu á grunni þessarar framtíðarsýnar. Þar ber hæst að í apríl 2021 var samþykkt stefna Nordregio fyrir árin 2021-2024 og sækir hún áherslur í framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2030 og samstarfsáætlunarinnar um byggðaðróun og skipulagsmál 2021-2024.

Árið 2021 var ráðstefnan Nordregio Forum 2021 haldin rafrænt öðru sinni. Meginþemu ráðstefnunnar voru tvö. Annars vegar var breytt vinnuumhverfi á tímum heimsfaraldurs og hvernig fjarvinna hefur umbreytt því hvernig við horfum á vinnumarkaðinn á tímum heimsfaraldurs og hvaða tækifæri og ógnanir fylgja þeirri þróun. Hins vegar var sjónum beint að réttlátum grænum umskiptum og forystuhlutverki Norðurlandanna á því sviði. Á árinu 2021 gaf Nordregio að vanda út fjölda skýrsla og greininga eins og sjá má á heimasíðu stofnunarinnar www.nordregio.org.

Til dæmis kom út skýrsla í október um aðlögun innflytjenda að norrænum vinnumarkaði á tímum heimsfaraldurs. Í skýrslunni er varpað ljósi á aðstæður innflytjenda á norrænum vinnumarkaði og hve erfitt er að aðlaga og þjálfu upp innflutt vinnuafli á tímum heimsfaraldurs, ekki síst í vaxtargreinum á borð við ferðaðþjónustu. Einnig má nefna skýrslu sem kom út í maí þar sem bornar voru saman aðstæður á norrænum húsnæðismarkaði en löndin glíma öll við svipaðar áskoranir á því sviði þó að stefnur þeirra séu breytilegar á milli landa.

Hjá Nordregio starfa um 50 starfsmenn. Forstjóraskipti urðu á árinu þegar Dr. Kjell Nilsson lét af störfum eftir átta ára starf og við starfi hans tók Rolf Elmér.

Norræna Atlantssamstarfið (NORA)

NORA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og Norður- og Vesturhluta Noregs. Áhersla er lögð á samstarf innan svæðisins og á miðlun

reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum en einnig á nýsköpun og sjálfbæra þróun. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi fyrirtækja og rannsókna- og þróunarsamtaka á milli landanna.

Ný samstarfsáætlun NORA gildir fyrir árin 2021-2024. Áætlunin hvílir á þremur grunnstoðum sem eru verkefnastuðningur, stefnumörkun og tengslamyndun. Áherslur í nýrri áætlun eru í meginatriðum óbreyttar, þó er hún betur aðlöguð að áherslum Norrænu ráðherranefndarinnar en áður. Færeyjar leiddu starfið árið 2021. Áhersluverkefni ársins var ferðaþjónusta í þágu gestgjafasamfélaga (Regenerative tourism) og var tveggja daga ráðstefna um hana haldin í Þórshöfn í Færeyjum í október. Á ráðstefnunni voru virtir framsögumenn frá Nýfundnalandi og Englandi, auk fjölmargra aðila í ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Ráðstefnan var vel sótt og voru m.a. fimm þátttakendur frá Íslandi. Vorfundur NORA var haldinn á netinu vegna COVID-19 en ársfundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn í nóvember. Í tilefni af 25 ára afmæli NORA var haldin móttaka með kynningu á starfi vettvangsins í Kaupmannahöfn í byrjun nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Einkar ánægjulegt var að Eivør Pálsdóttir gladdi gesti móttökunnar með söng sínum, þá nýbúin að taka við tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs 2021.

Árið 2021 bárust 33 umsóknir í tveimur umsóknarferlum. Veittir voru styrkir til 14 verkefna, þar af leiddu Íslendingar fimm verkefni og voru þátttakendur í nánast öllum styrktum verkefnum. Fjármunir til verkefnastyrkja voru rúmar 4,7 milljónir danskra króna eða rúmlega 92 milljónir íslenskra króna.

Stafræn væðing

MR-DIGITAL og HNG-DIGITAL

Norræna ráðherranefndin MR-DIGITAL var sett á laggirnar árið 2017 sem tímabundin nefnd til fjögurra ára. Markmið hennar var að vinna undir merkjum Digital North, samstarfsyfirlýsingar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um að gera svæðið að samtengdasta stafræna svæði í heiminum. Árið 2020 var ný yfirlýsing undirrituð, Digital North 2.0, en hún byggir á þeirri fyrri um auðveldari gagnasamskipti og aðgang á stafrænni þjónustu þvert á landamæri. Unnið er eftir aðgerðaáætlun 2021-2024 sem byggir á nokkurs konar lífsviðburðum, þ.e.

- Nám erlendis (study abroad)

- Búa erlendis (live abroad)
- Stunda vinnu erlendis (work abroad)

Starf nefndarinnar var öflugt á árinu þó að COVID-19 hafi vissulega sett strik í reikninginn líkt og annars staðar. Finnland fór með formennsku í nefndinni. Í lok nóvember var haldinn ráðherrafundur MR-DIGITAL en jafnframt funduðu embættismenn HNG-DIGITAL-nefndarinnar fjórum sinnum.

Samhliða þessu var unnið að verkefnum á sviði auðkenningar en einnig var tekin ákvörðun um hvaða stafrænu þjónustu ætti fyrst að gera aðgengilega á milli landanna. Sú forgangsroðun byggist á þeirri þjónustu sem ESB hefur sett fram í tengslum við verkefni „Single Digital Gateway“ og „EU Digital Wallet“. Sú vinna fer fram í undirhópunum NOBID (Nordic-Baltic eID) og CBDS (Cross Border Digital Services). Alls voru haldnir sjö vinnu- og kynningarfundir í undirhópunum.

Umhverfis- og loftslagsmál

Fundir norrænu umhverfis- og loftslagsráðherranna

Umhverfis- og loftslagsráðherrarnir funduðu tvisvar á árinu 2021. Fyrri fundurinn var fjarfundur sem haldinn var þann 12. maí. Á fundinum var horft til stóru leiðtogafunda ársins um líffræðilega fjölbreytni og loftslagsmál. Samþykkt var yfirlýsing vegna aðildarríkjafundar samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (COP15) í Kína. Undirstrikað var mikilvægi þess að viðhalda eða endurreisa vistkerfi sjávar á tímum loftslagsbreytinga og lögð áhersla á nauðsyn þess að á aðildarríkjafundinum yrði samþykktur metnaðarfullur og markviss alþjóðlegur samningur um líffræðilega fjölbreytni eftir 2020. Einnig var fjallað um aðildarríkjafund Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (COP26) sem myndi marka tímamót með sameiginlegri skuldbindingu heimsbyggðarinnar um að ganga frá reglum Parísarsamningsins og metnaðarfulla framkvæmd samningsins með uppfærðum landsmarkmiðum í samræmi við markmið um kolefnishlutleysi um miðja öldina. Norðurlöndin myndu í samvinnu við önnur ríki vinna að því að ná markmiðum um kolefnishlutleysi, m.a. með því að nýta framsæknar lausnir sem norræn fyrirtæki bjóða upp á. Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi þess að rödd ungs fólks heyrðist til að tryggja metnaðarfullar aðgerðir í loftslagsmálum á heimsvísu.

Seinni fundur umhverfis- og loftslagsráðherranna var haldinn í Kaupmannahöfn 3. nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Ráðherrarnir ræddu stöðu samningaviðræðna á COP26 í Glasgow og hvernig samstarf Norðurlandanna gæti stuðlað að sem farsælastri niðurstöðu. Á fundinum greindi Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, frá því að Ísland hafi lagt fram langtímasýn um kolefnishlutleysi í aðdraganda COP26 en ríki eru hvött til að móta slíka sýn samkvæmt ákvæðum Parísarsamningsins. Þá kom fram að íslensk stjórnvöld hefðu fyrr á árinu lögfest markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 og að auki uppfært markmið sín um samdrátt í losun til 2030 í 55% í samstarfi við Noreg og ESB en uppfærsla markmiða var meginviðfangsefni COP26. Norðurlöndin hafa í sameiningu unnið að því af krafti að gert verði samkomulag um nýjan alþjóðlegan samning til þess að takast á við vaxandi plastmengun. Ráðherrarnir ítrekuðu fyrri áherslur sínar á fundinum í Kaupmannahöfn með samþykkt yfirlýsingar um mikilvægi þess að tekin verði ákvörðun um það á fimmta umhverfisþingi Sameinuðu þjóðanna, sem haldið verður 2022, að hefja samningaviðræður um gerð alþjóðlegs samning um plastmengun.

Helstu verkefni

Vinnuhópar embættismannanefndarinnar EK-MK gegna lykilhlutverki í samstarfi Norðurlandanna á sviði umhverfis- og loftslagsmála og vinna þeir að fjölda verkefna. Vinnuhóparnir eru sex talsins, auk undirhópa: vinnuhópur um málefni hafs og stranda, vinnuhópur um líffræðilega fjölbreytni, vinnuhópur um loftslag og loftgæði, vinnuhópur um efni, umhverfi og heilsu, vinnuhópur um hringrásarhagkerfi og þverlægur vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál. Áherslan í starfi þeirra hefur verið sjálfbær þróun á Norðurlöndunum, samanber samstarfsáætlunina 2019-2024. Samkvæmt áætluninni skal leggja mat á árangur þegar tímabilið er hálfnað og var það gert 2021. Samstarfsáætlunin hefur hjálpað til við að gera vinnuna markvissari og eru niðurstöður matsins þær að vinnuhópunum hafi tekist mjög vel að vinna að markmiðum og áherslum áætlunarinnar. Vinnuhópar og undirhópar þeirra nýtast vel hér á landi m.a. við framkvæmd EES-samningsins, alþjóðlegt samstarf og við ýmis bein verkefni sem stofnanir sinna.

Á árinu var haldin vinnustofa (vefnámskeið) um rusl í hafi og strandhreinsun í smáum samfélögum og kynntar niðurstöður verkefnis sem Ísland tók þátt í ásamt Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum, sjá nánari upplýsingar á eftirfarandi

vefsíðu: <https://www.norden.org/da/node/60038>. Verkefnið var sett á laggirnar til að aðstoða frjáls félagsamtök í norrænum smásamfélögum í baráttu þeirra gegn rusli í hafi. Þá var einnig gefin út skýrsla um merkingar vegna flokkunar og meðhöndlun úrgangs og kynntar voru niðurstöður verkefnis um kerfi sem varð til í Danmörku og hefur verið tekið í notkun í framhaldinu á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð, sjá nánari upplýsingar á eftirfarandi vefsíðu: <https://pub.norden.org/nord2021-059/#86098>. Stefnt er að því að merkingarnar verði einnig teknar í notkun í Finnlandi. Með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni hafa úrgangssamtök norrænna sveitarfélaga unnið að því sameiginlega að innleiða þetta kerfi á Norðurlöndunum. Norræni efnahópurinn gaf út skýrslu á árinu með samantekt á 48 verkefnum sem hópurinn vann undir fyrri umhverfisáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar (2013 til 2018), sjá nánari upplýsingar á eftirfarandi vefsíðu: <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1601490/FULLTEXT01.pdf> og er þetta mikilvægt skref til að gera niðurstöður norrænna verkefna enn aðgengilegri.

Mikil aukning varð í samstarfinu með „Framtíðarsýn 2030“ og áherslunni á græn Norðurlönd. Sett hafa verið á laggirnar tólf sjálfstæð verkefni sem unnið verður að á tímabili framkvæmdaáætlunar framtíðarsýnarinnar: Hafstjórnun og loftslag, loftslagshlutlaus Norðurlönd, Norðurlöndin drifkraftur í starfi gegn plasmengun svæðisbundið og á heimsvísu, náttúruleausnir á Norðurlöndunum, líkön fyrir framleiðendaeign, norræn samvinna um textíl, umbreyting vegna loftslags á Norðurlöndunum, opinber innkaup m.t.t. hringrásar og loftslags, samvinna um sjálfbæra vöruflutninga, hraðari rafvæðing vegasamgangna á Norðurlöndunum, norrænt frumkvæði um sjálfbæran lífsstíl og sjálfbær byggingastarfsemi. Embættismannanefndin vinnur að því að finna viðeigandi samstarfsform vinnuhópanna og framtíðarsýnarverkefnanna.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið – NEFCO

Árið 1990 stofnuðu umhverfisráðherrar Norðurlanda Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO). Frá þeim tíma hefur NEFCO tekið þátt í að fjármagna fleiri en 1500 verkefni ýmist til norrænna fyrirtækja eða opinberra aðila. Skilyrði fyrir lánum frá NEFCO er að verkefnin uppfylli kröfur sjóðsins um jákvæð áhrif á umhverfi og loftslag og stuðli að innleiðingu Parísarsamningsins og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þannig er reynt að tryggja að öll verkefni sem fá lán úr sjóðnum ýti undir réttlát græn umskipti. Í starfi sínu í rúmlega 30 ár hefur NEFCO sýnt fram á hvernig ná má áþreifanlegum árangri í

umhverfis- og loftslagsmálum á hagkvæman hátt, ekki síst á sviði orkusparnaðar og aukinnar orkunýtni, ásamt því að sjóðurinn hefur gert norrænum fyrirtækjum kleift að breiða út starfsemi sína og vaxa. Verkefni eru fjölbreytt og snúast t.d. um endurnýjun tækjabúnaðar í iðnaðarframleiðslu, endurnýjun orkukerfa, bætt einangrun bygginga, endurnýjanlega orku, hreinsun frárennslis, meðhöndlun úrgangs og endurnýjun tækja og aðferða í landbúnaði. Verkefni á vegum NEFCO eru unnin í öllum heimshornum. Þar sem Úkraína er mjög í brennidepli um þessar mundir má geta þess að norræn stjórnvöld hafa um árabil lagt áherslu á stuðning við Úkraínu á ýmsum sviðum, ekki síst á sviði orkumála. Þetta endurspeglast í starfi NEFCO sem hefur unnið náið með sveitarfélögum víða í Úkraínu að fjölmörgum verkefnum á sviði orkuvinnslu og orkunýtni. Meðal annars stendur nú yfir smíði orkuvers þar sem úrgangur er í fyrsta skipti notaður til húshitunar þar í landi. Þessi verkefni hafa dregið úr losun þúsunda tonna af kolefni og dregið stórlega úr orkukostnaði, tryggt heitt vatn allan ársins hring og almennt aukið vellíðan fólks en í Úkraínu hefur mikil áhersla verið á endurnýjun opinberra bygginga, s.s. sjúkrahúsa og skólahúsnæðis fyrir nemendur á öllum skólastigum. Nánari upplýsingar um starfsemi NEFCO og einstök verkefni má sjá á slóðinni: www.nefco.int

Menntamál og rannsóknir

Menntamál og rannsóknir

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) fjallaði á árinu ítarlega um stefnumótun á verksviði sínu, úrlausnir afmarkaðra norrænna verkefna en einnig miðluðu ráðherrarnir upplýsingum og skiptust á skoðunum um mikilvæg mál sem voru efst á baugi í löndunum. Umræður og samstarf litaðist af heimsfaraldri meðal annars með þeim afleiðingum að fundi ráðherranna var ítrekað frestað í von um að geta haldið staðfund sem svo tókst 12. nóvember en þá án þátttöku menntamálaráðherra Íslands og Noregs.

Meginviðfangsefni á fundi ráðherranna var félagslega sjálfbær þróun með áherslu á þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og möguleikar á að styrkja norrænt rannsóknarsamstarf. Embættismannanefnd málaflokksins fjallaði að auki um málin, undirbjó umræður og afgreiðslur ráðherranna.

Embættismannanefndin vann á árinu einnig tillögur að forgangsörðun verkefna og breyttri kostnaðaráætlun í ljósi niðurskurðarkrafna frá samstarfsráðherrum

Norðurlanda (MR-SAM) sem stafa af þeim áherslum sem samþykktar hafa verið í tengslum við framtíðarsýnina til 2030.

Framkvæmdaáætlun 2021-2024

Menntamálaráðherrar Norðurlandanna samþykktu á áðurnefndum fundi sínum framlengingu á samstarfsáætlun MR-U til 2024 í því skyni að samstarfsáætlun MR-U héldist í hendur við samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar og styðji þar með betur við framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um Framtíðarsýn fyrir 2030.

Græn Norðurlönd

Rannsóknarmiðstöð Íslands hefur verið falið að stýra menntaverkefni til stuðnings markmiðinu um græn Norðurlönd. Verkefnið leggur áherslu á menntun framtíðarneytenda svo að þeir taki ákvarðanir sem styðja við sjálfbæra þróun – verkefnið styður við markmið 2 og 4 í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar.

Finnska formennskan 2021 hélt á árinu nýsköpunarkeppni ungmenna (unglingastig grunnskóla og framhaldsskóla) með áherslu á umhverfismál og tækniþróun til að styðja við markmiðið um samkeppnishæf Norðurlönd. Verkefnið styður við markmið 6 í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar.

Sjálfbær Norðurlönd

Til að styðja við markmiðið um samfélagslega sjálfbær Norðurlönd er unnið að stóru rannsóknarverkefni um áhrif og lærdóm af COVID-19 faraldrinum með það að leiðarljósi að Norðurlöndin vinni betur saman að lausnum þegar og ef til slíks ástands kemur aftur. Verkefnið styður við markmið 9 og 6 í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar.

Endurskoðun tungumálafirlýsingarinnar

Starfshópur embættismannanefndarinnar um menntamál og rannsóknir hefur í samstarfi við embættismannanefndina um menningarmál sett af stað vinnu við að endurskoða tungumálafirlýsinguna. Starfshópnum er einnig ætlað að koma með tillögur að hagræðingu í tungumálasamstarfinu vegna niðurskurðar í fjárhagsramma MR-U á komandi árum. Starfshópurinn skilar af sér tillögum í lok árs 2022.

Öruggir stafrænir innviðir fyrir heilsufarsgögn

Unnið hefur verið að framtíðarsýn um örugga norræna stafræna innviði fyrir heilsufarsgögn, „The Nordic Commons“, og stýrihópur settur á laggirnar til að vinna að úrlausn hindrana sem standa í vegi fyrir samnotkun norrænna gagnagrunna. Hindranirnar eru flestar á málefnasviðum annarra ráðherranefnda innan norræna samstarfsins

Úttekt á starfsemi NordForsk

Embættismannanefndin hefur sett af stað úttekt á starfsemi NordForsk og er áætlað að henni ljúki á árinu 2022. NordForsk starfar undir Norrænu ráðherranefndinni og veitir fjármagn og greiðir fyrir norrænum rannsóknum.

Almenn þátttaka í samstarfinu

Auk þeirra stefnumótandi umræðna og ákvarðana um eftirfylgni sem ráðherrarnir hafa tekið á árinu og nefnd eru hér að framan hefur þátttaka Íslands í norrænu samstarfi verið mjög umfangsmikil á sviði menntamála og rannsókna, í verkefnum, vinnuhópum og ráðstefnum. Styrkveitingar til Íslendinga og íslenskra verkefna úr sjóðum á vegum Nordplus og NordForsk hafa numið mun hærri upphæðum en nemur framlögum Íslands í þá sjóði, eins og hefur reyndar verið til margra ára. Auka ber hreyfanleika og norrænt samstarf ungra vísindamanna og styrkja stöðu Norðurlanda í alþjóðlegu samstarfi.

Meningarmál

Norræna ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) hélt að venju tvo fundi, þann fyrri rafrænt 4. maí og þann síðari 3. nóvember í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Á fyrri fundinum voru í brennidepli umfangsmiklar afleiðingar heimsfaraldursins fyrir menningar- og fjölmiðlageirann en á seinni fundinum áhrif tæknirisanna á þróun fréttamiðla á Norðurlöndum og almennt séð í tengslum við lýðræðislega umræðu.

Umræður og samstarf litaðist af heimsfaraldri en menningarlífið hefur orðið fyrir miklu höggi vegna heimsfaraldursins. Staða listamanna og menningartengdra fyrirtækja hefur verið flókin og erfið frá fyrsta degi samkomubanns í öllum löndunum. Norrænt menningarsamstarf hefur einkennst af menningarlegri hnattvæðingu síðustu ár en umhverfið er gjörbreytt vegna heimsfaraldurs. Þær

aðstæður sem hafa skapast krefjast góðra lausna, m.a. í menningarmálum vegna kórónuveirunnar. Menningarstofnanir hafa víða verið lokaðar, starfsemi lagst af og starfsfólki verið sagt upp. Staða listamanna í öllum greinum hefur verið flókin og erfið þar sem faraldurinn hefur leikið listir og menningu grátt.

MR-K samþykkti fjárhagsáætlun menningargeirans fyrir árið 2022 en ráðherrar menningarmála voru sammála um að það skjóti skökku við að framlög til ráðherranefndar um menningarmál lækki svo harkalega sem raun ber vitni, sérstaklega í ljósi þess hve illa heimsfaraldurinn hefur bitnað á sjálfstætt starfandi listamönnum og menningartengdum fyrirtækjum.

Samstarfsáætlun um menningarmál fyrir árin 2021-2024

Norrænu menningarmálaráðherrarnir hafa með sameiginlegri samstarfsáætlun um menningarmál fyrir árin 2021-2024 fastsett þrjú forgangsatríði sem ramma utan um samstarfið á þessu tímabili:

Græn Norðurlönd: Grænt menningarlíf tryggir tækifæri fyrir kynslóðir nútíðar og framtíðar.

Samkeppnishæf Norðurlönd: Líflegt lista- og menningarlíf innan og utan Norðurlanda stuðlar að grænum vexti.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd: Menningarlíf á Norðurlöndum sem er opið öllum stuðlar að lýðræði, fjölbreytni og lífsgæðum.

Listir og menning sem hvati sjálfbærrar þróunar

Norrænu menningarmálaráðherrarnir sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu um þemað listir og menningu sem hvata sjálfbærrar þróunar. Þar kemur m.a. fram að ráðherrarnir telja að listir og menning hafi óumdeilanlegt eigið gildi og þess vegna þurfi að styrkja forsendur lista og menningar og þær þurfa að vera til staðar í öllum samfélögum okkar. Menningarsamstarfið hefur margt fram að færa í sambandi við að styrkja sjálfbæra samfélagsþróun. Með aðstoð samstarfsins bjóðast lausnir til að tryggja góð lífsskilyrði fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Listir og menning hjálpa okkur að ráða við ólíkar hnattrænar áskoranir, t.d. loftslagskreppuna eða COVID-19 heimsfaraldurinn.

Norræna húsið í Reykjavík

Vakin er sérstök athygli á tillögu skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar um að framlög til Norræna hússins í Reykjavík verði skert um 20% frá árinu 2022 og jafnframt óskað viðræðna við íslensk stjórnvöld um samstarf um rekstur hússins

til framtíðar. Sömuleiðis hefur komið í ljós bráðavandi vegna myglu og öryggis en greining EFLU verkfræðistofu á ástandi hússins í september 2021 sýndi aukinn raka og myglu á fleiri stöðum í húsinu. Embætti landlæknis skoðaði einnig húsið og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri heilsuspillandi fyrir gesti að vera í húsinu. Því væri ekki nauðsynlegt að loka því eða vara opinberlega við myglunni þó bæta þurfi úr raka- og mygluskemmdum. Viðgerðir þurfa að hefjast vorið 2022 og vera lokið innan eins árs. Kostnaður er áætlaður 291,6 m.kr (14,5 m.DKK) og verður að taka frá fjárveitingu árin 2021, 2022 og 2023 þar sem meirihluti kostnaðar fellur á árinu 2022. Enn fremur þarf að endurnýja fleiri rými til að tryggja vinnuumhverfi og -öryggi fyrir árið 2023 en kostnaður er áætlaður 44,2 m.kr. (2,2 m.DKK). Fjárhagsþörfin fyrir árin 2021-2023 er því alls 335,8 m.kr. (16,7 m.DKK).

EK-K telur þörf á að MR-K sé ekki eitt um að fjármagna viðgerðir á húsinu og hefur því óskað eftir aðstoð frá samstarfsráðherrum Norðurlanda, MR-SAM.

Norrænt átak gegn áhrifum tæknirisanna á lýðræðislega umræðu og fréttamiðla

Tæknirisarnir (Apple, Facebook, Google, o.s.frv.) hafa með hnattrænum vettvangi sínum mikil áhrif á ýmsar samfélagslegar aðstæður á Norðurlöndum. Þetta á m.a. við um þróun fréttamiðla en einnig í víðara samhengi í tengslum við lýðræðislega umræðu sem hefur undirgengist miklar breytingar á síðustu árum. Viðfangsefnið er þvert á landamæri og verður því að leysa á alþjóðlegum vettvangi. MR-K stendur að átaksverkefni sem verður framlag nefndarinnar til framtíðarsýnarinnar 2030 og er hluti af menningarpólítísku samstarfsáætluninni fyrir árin 2021-2024. Frjálsir og óháðir miðlar sem geta stundað gæðablaðamennsku eru mikilvægir fyrir félagslega sjálfbær Norðurlönd. Samtímis breytast skilyrðin fyrir opinberri rökræðu og þar með einnig fyrir lýðræðislegri umræðu og tjáningarfrælsi. Sjálfbær viðskiptalíkön eru þess utan mikilvæg viðmið í tengslum við fjölmiðlaumhverfið á Norðurlöndum. Verkefnið inniheldur eftirfarandi tvo þætti:

- Átak með áherslu á áhrif tæknirisanna á lýðræðislega umræðu.
- Skýrsla um áhrif tæknirisanna á fréttamiðla og grundvöll þeirra.

Kulturanalys Norden

Samkvæmt nýjum samningi sem var undirritaður mun Kulturanalys Norden halda áfram sem norrænt þekkingarsetur fyrir menningarpólítík árin 2022-2024.

Sænska stofnunin fyrir greiningu á menningarstefnu (s. Myndigheten for kulturanalys) mun annast umsýslu setursins.

Nordic Bridges - norræn menningarhátíð í Kanada

Norræna menningarverkefnið *Nordic Bridges* átti upprunalega að fara fram í Kanada árið 2021. Vegna heimsfaraldurs óskaði samstarfsaðili Norðurlanda, Harbourfront Center, eftir því að fresta verkefninu um eitt ár. Opnun fór fram rafrænt 27. janúar 2022 vegna samkomutakmarkanna í Kanada. Árið 2022 munu samstarfsaðilar vítt og breitt um Kanada bjóða upp á spennandi listviðburði og umræður með norrænum listamönnum og hugsuðum þar sem málefni á borð við þrautseigju og nýsköpun í listum verða í deiglu.

Félags- og heilbrigðismál

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Hinn árlegi reglubundni fundur ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) var haldinn þann 25. mars og var um fjarfund að ræða í ljósi stöðu heimsfaraldurs COVID-19. Þemaefni fundarins á félagssviðinu var um velsældarhagkerfið (s. Vælfærdsekonomi, e. the economy of wellbeing) og flutti Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, opunarerindi fundarins áður en ráðherraumræðan hófst. Þemaefni fundarins á heilbrigðissviðinu var um viðbrögð landanna við COVID-19 heimsfaraldrinum, hvernig mætti lágmarka neikvæðar afleiðingar ferðatakmarkanna og lærdóm um hvernig bregðast mætti betur við sambærilegum ógnum í framtíðinni. Þá var einnig fjallað um rafrænar lausnir í félags- og heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndunum.

Auk norrænu embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (EK-S) starfa fjölmargir starfshópar og ráð í umboði nefndarinnar. Hún hélt þrjá fundi á árinu 2021. Fjarfundir voru í febrúar og í júní en staðfundur á Álandseyjum í október. Þar að auki voru haldnir tveir óformlegir fjarfundir í embættismannanefndinni í apríl og desember.

Markvisst norrænt samstarf um félags- og heilbrigðismál

Norrænt samstarf á sviði félagsmála mótast nú, sem hin seinni ár, af sameiginlegum áherslumálum og þeirri framtíðarsýn sem sett var fram í skýrslu Árna Páls Árnasonar frá árinu 2018: „Þekking sem nýtist – tillögur um aukið

norrænt samstarf á sviði félagsmála.“ Skýrslan er stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi á félagssviðinu og inniheldur 14 tillögur. Nú þegar hefur verið unnið að innleiðingu sjö tillagna. Búið er að innleiða tillögu númer þrjú um endurskoðun á starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) og Norrænu hagskýrslunefndarinnar (NOSOSKO). Verið er að vinna að tillögum um félagslegar aðgerðir með áherslu á notendur, börn, ungmenni og fullorðna í viðkvæmri stöðu og félagslega þjónustu í strjálbýli, þ.e. tillögur númer sex, átta, níu og 13 í skýrslunni. Þá er einnig verið að vinna að tillögum um að skoða nánar kerfisbundið samstarf um þekkingu og aðgerðir sem virka í reynd á félagssviðinu og aukið samstarf við sjálfbæðisráðgjafar, þ.e. tillögur númer eitt og sjö í skýrslunni.

Þriggja ára formennskuverkefni Íslands sem ber heitið: „Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndum“ beinist að því að skoða hvernig efla megi geðheilsu og vellíðan á fyrstu æviárum barna á Norðurlöndunum og hvaða aðferðum sé best að beita til að bregðast snemma við áhættuþáttum í lífi þeirra og foreldranna. Embætti landlæknis stýrir verkefninu og nær það til árána 2019-2021. Sökum heimsfaraldursins hefur verið samþykkt að verkefnið teygji sig til ársins 2022. Árið 2021 var gefin út skýrsla um úrræðin sem nýtt eru á meðgöngu og fyrstu æviárum barns innan Norðurlandanna til að efla tengsl foreldra og ungra barna, greina áhættuþætti o.fl. Skoðað var hversu vel þau eru studd rannsóknum, gagnreyndum aðferðum og vísindalegum grunni. Skýrslan mun nýtast við gerð lokaskýrslu verkefnisins sem ráðgert er að komi út árið 2022 og mun innihalda stefnumótunartillögur um hvernig Norðurlöndin geta stutt betur við geðheilsu ungra barna og þjónustuúrræði á þessu sviði.

Norrænt samstarf á sviði heilbrigðismála hefur hin síðari ár verið nokkuð hefðbundið og mótast af sameiginlegum áherslumálum og þeirri framtíðarsýn í norrænu samstarfi sem sett var fram í skýrslu Bo Könberg frá árinu 2014. Frá innreið heimsfaraldursins COVID-19 hefur þó samstarfið á heilbrigðissviði skipt um takt og litast mjög af viðbrögðum við honum. Sóttvarnarlæknar Norðurlandanna og fjöldi annarra hópa hafa átt í miklu beinu og óbeinu samstarfi sín á milli vegna COVID-19 tengdra mála. Norræn tengsl, sem hafa byggst upp milli einstaklinga og hópa í gegnum árin, hafa því nýst vel í því álagi sem COVID-19 hefur valdið í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Tveir starfshópar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar eru að störfum um sýklalyfjaónæmi. Annars vegar stefnumótunarhópur sem hefur það hlutverk að koma með tillögur til stjórnvalda sem miða að því að hindra útbreiðslu

sýklalyfjaónæmis og hins vegar sérfræðingahópur sem hefur það hlutverk að meta vísindalegt gildi úrræða og rannsókna og vera stefnumótunarhópnum innan handar. Á árinu var haldin norræn netræðstefna um eftirlit með sýklalyfjaónæmum bakteríum í umhverfinu (e. Environmental monitoring of antibiotic resistance) en finnska umhverfisráðuneytið skipulagði viðburðinn. Kynnt voru helstu rannsóknarverkefni sem eru í gangi á Norðurlöndunum á þessu sviði og staða mála rædd. Norræni sérfræðingahópurinn fundaði í nóvember og var aðalumfjöllunarefnið sýklalyfjaónæmar bakteríur í matvælum. Þetta samstarfsverkefni hefur tafist vegna COVID-19 faraldursins en stefnt er að því að stofna sérstakan vinnuhóp um málið. Árlegur sameiginlegur fundur norrænu sérfræðinga- og stefnumótunarhópanna var haldinn í desember á rafrænu formi. Helstu umfjöllunarefni voru annars vegar niðurstöður fyrrnefndrar netræðstefnu um eftirlit með ónæmum bakteríum í umhverfinu og hins vegar ónæmar bakteríur í matvælum. Auk þess kynnti fulltrúi frá Norrænu ráðherranefndinni leiðir til fjármögnunar verkefna og stefnu nefndarinnar. Meðal annars var ákveðið að undirbúa stofnun norræns vinnuhóps sem myndi marka sameiginlega stefnu Norðurlandanna varðandi eftirlit með ónæmum bakteríum í umhverfinu.

Samstarfshópur um mjög sérhæfða lækniþjónustu fjallar um hátæknilega meðferð eða meðferð mjög sjaldgæfra sjúkdóma. Vegna heimsfaraldurs var ekkert starf á árinu.

Samstarf á norrænum lýðheilsuvettvangi hefur staðið yfir frá árinu 2016 og fjallað um m.a. heilsufarslegan jöfnuð, geðheilsu ungmenna, kannabisneyslu og áfengis- og tóbaksnotkun. Haldnir voru tveir fjarfundir á árinu þar sem m.a. var rætt um áhrif heimsfaraldurs á lýðheilsu.

Norrænn vinnuhópur um geðheilsu (e. Nordic Working Group on Mental Health) hefur starfað á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um nokkurra ára skeið. Embætti landlæknis á sæti í vinnuhópnum fyrir Íslands hönd. Hópurinn hittist rafrænt og var helsta umfjöllunarefnið sjálfsvígsforvarnaráætlanir Norðurlandanna. Verkefnastjóri sjálfsvígsforvarna hjá Embætti landlæknis sótti fundinn fyrir hönd Íslands.

Norrænt samstarfsverkefni um andlega vanlíðan ungmenna (e. Nordic Network on mental well-being among young people in the Nordic countries and autonomous territories) er formennskuverkefni Danmerkur í Norrænu ráðherranefndinni. Það var sett á fót árið 2020 og stendur í þrjú ár. Verkefnið snýst um að taka saman upplýsingar um áhrifaþætti aukinnar andlegrar vanlíðanar hjá börnum og ungu fólki á Norðurlöndunum og sjálfsstjórnarsvæðunum. Búið er að

safna gögnum frá löndunum og er skýrsla væntanleg. Embætti landlæknis tekur þátt í þessu verkefni fyrir Íslands hönd og sitja í hópnum tveir fulltrúar embættisins.

Að frumkvæði Íslands hefur verið fjallað um stjórnsýsluhindrun í ráðherra- og embættismannanefndinni sem lýtur að fylgiseðlum með lyfjum. Norrænir heilbrigðisráðherrar sendu sameiginlegt bréf til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins árið 2019 um að skoðað yrði að heimila að notast eingöngu við rafræna fylgiseðla með lyfjum. Til að afla reynslu af slíku fyrirkomulagi hleypti heilbrigðisráðuneytið í samstarfi við Lyfjastofnun af stökkunum þriggja ára tilraunaverkefni sem felst í því að nota eingöngu rafræna fylgiseðla með lyfjum sem afhent eru á íslenskum sjúkrastofnunum og flokkast sem sjúkrahússlyf.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM) er rannsókn- og þekkingarsetur staðsett í Osló. Í stjórn stofnunarinnar situr m.a. einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Á vegum NIOM er rannsakað og fylgst með gæðum og öryggi viðkomandi efna á norrænum markaði og upplýsingunum miðlað til heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstarfsfólks og almennings. Stefna hefur verið mótuð til ársins 2025 og var fjöldi fjarfunda haldinn á árinu í tengslum við þá vinnu.

Norrænt samstarf um almannatryggingar

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar fylgist með sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar er gilda milli Norðurlanda, þ.m.t. Norðurlandasamningnum um almannatryggingar og framkvæmd þeirra og metur þörf á breytingum á samningnum. Hópurinn fjallar um sameiginleg mál á sviði almannatrygginga, sérstaklega möguleika á norrænu samstarfi varðandi almannatryggingareglugerðir ESB um samhæfingu almannatryggingakerfa sem er hluti EES-samningsins. Áhrif COVID-19 faraldursins gætti áfram en þó náðist að halda formlegan fund í nóvember. Þess utan áttu meðlimir í óformlegum samskiptum sín á milli um ýmis mál á árinu. Á nóvemberfundinum var skipst á upplýsingum um breytingar á innlendra löggjöf, stefnumótun á sviði tryggingamála og um aðgerðir sem gripið hefur verið til vegna COVID-19. Fjallað var áfram um sænska lágmarkslífeyrinn í tengslum við 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samhæfingu almannatryggingakerfa milli ríkjanna. Svíþjóð skýrði frá stöðu málsins og mun halda hinum ríkjunum upplýstum um þróun og framhald þess. Þá var rætt um uppfærslu og undirritun viðauka við framkvæmdasamninginn með Norðurlandasamningnum um almannatryggingar.

Enn fremur var fjallað um áhrif útgöngu Bretlands úr ESB og EES á almannatryggingar. Upplýst var um yfirstandandi viðræður Noregs, Íslands og Liechtenstein við Bretland um svipaðan almannatryggingasamning og fyrirfinnst í fríverslunar- og samstarfssamningi ESB og Bretlands og rætt um spurningar sem vaknað hafa í tengslum við framkvæmd og túlkun hans. Finnland greindi frá því að ætlunin sé að vinna frumvarp til að skýra að það sem fram kemur í innlendum lögum varðandi reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa milli ESB/EES-ríkjanna gildi einnig í aðstæðum er varða Bretland. Rætt var um stöðuna varðandi endurskoðun á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samhæfingu almannatryggingakerfa og mismunandi túlkun norrænu ríkjanna á 4. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar. Einnig var rafræn framkvæmd milli ríkjanna á sviði almannatrygginga á dagskrá og fjallað um áskoranir er tengjast öðrum frumkvæðis- og tilraunaverkefnum á því sviði sem skarast innbyrðis. Samstaða var um mikilvægi þess að norrænu ríkin vinni saman að málum er tengjast rafrænni framkvæmd á þessu sviði og kvaðst Finnland reiðubúið að samræma samstarfið. Meðal annarra mála á dagskrá var umfjöllun um almannatryggingavernd þeirra er vinna í Sámi Giellagáldu (Samþinginu), framkvæmd sænskra bóta til aðstandenda í tengslum við stjórnsýsluhindranir yfir landamæri og þingmannatillaga um einföldun ferla þegar óskað er að nota heilbrigðisþjónustu í öðru norrænu ríki sem var til umfjöllunar í norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni í september 2021.

Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks

Á fyrsta fundi ársins, sem haldinn var í mars, var fjallað um áherslur Finnlands á formennskuári þeirra í norrænu samstarfi. Fjallað var um áherslur og áætlun Evrópusambandsins í þjónustu við fatlað fólk sem ber heitið „Union of Equality – Strategy for the Rights of Persons with Disabilities 2021-2030.“ Í áætluninni eru verkefni sem bundin eru við það að koma í framkvæmd áherslum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Umræða um þátttöku ungs fatlaðs fólks í norrænu samstarfi fékk einnig mikla athygli. Almennt var sú niðurstaða að ungt fólk ætti í meira mæli að koma að starfi fötlunarráðsins og norrænu samstarfi almennt. Á fundinum var einnig fjallað um NPA, sem er notendastýrð og persónuleg þjónusta, og ýmsar útfærslur á þessu þjónustuformi á Norðurlöndunum. Fram kom að framkvæmdin er með ýmsum hætti. Ákveðið var að afla upplýsinga um stöðuna og yrðu niðurstöður birtar í skýrslu Norrænu

velferðarmiðstöðvarinnar. Á fundinum var síðan farið yfir stöðu aðgerða í norrænu áætluninni um fatlað fólk.

Á öðrum fundi ráðsins, sem haldinn var í byrjun september, var m.a. fjallað um úttekt sem var unnin á samstarfinu um málefni fatlaðs fólks 2018-2020. Niðurstöður hennar bentu eindregið til þess að samstarf Norðurlandanna á því sviði sem snýr að málefnum fatlaðs fólks hafi gengið mjög vel. Það hefur aukið skilning á stöðu fatlaðs fólks milli landa og bætt þannig við þekkingu þeirra sem hafa tekið þátt. Fjallað var um þau verkefni sem nú eru í gangi og var sérstaklega komið inn á COVID-19 og áhrif faraldursins á félagslega einangrun, atvinnumál fatlaðs fólks, nýsköpun í velferðartækni og lýðheilsu. Loks var fjallað um stöðu frumbyggja á Norðurlöndunum.

Lokafundur ársins var haldinn í byrjun nóvember í glæsilegri sérhannaðri byggingu dönsku samtakanna um málefni fatlaðs fólks, *Handicaporganisationernes Hus* (<https://handicap.dk/huset>), í útjaðri Kaupmannahafnar. Það var álit margra þeirra sem komu til fundarins að þetta hús hefði algjöra sérstöðu hvað aðgengi varðar. Á fundinum var fjallað um stöðu fatlaðra barna, um málefni fatlaðs fólks í menningargeiranum, stöðu fatlaðs fólks á vinnumarkaði og NPA á Norðurlöndunum.

Samningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu

Nefnd um endurskoðun samningsins um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu hefur farið yfir tengsl samningsins við regluverk Evrópusambandsins, einkum hvað varðar mismunun á grundvelli þjóðernis. Tillögur að breytingum á samningnum voru á sínum tíma sendar embættismannanefndinni sem ákvað að leita eftir lögfræðilegri álitsgerð um þær. Ekki hefur tekist að hefja vinnu við slíka álitsgerð á árinu. Til stendur að taka málið upp hjá nefndinni á næsta ári.

Norræna velferðarmiðstöðin

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) sinnir margvíslegum verkefnum á sviði velferðarmála á Norðurlöndunum. Helstu verkefnin lúta að lýðheilsumálum, málefnum fatlaðs fólks, aðlögun innflytjenda, velferðartækni og stefnumótun í velferðarþjónustu. Heimfaraldurinn einkenndi samstarfið eins og víða annars staðar en síðastliðið ár voru haldnar fjölmargar styttri rafrænar málstofur en auk þess var talsvert efni gefið út. Norræni velferðarvettvangurinn var haldinn í þriðja sinn og í þetta skipti undir yfirskriftinni „Norræn velferðarkerfi og félagsleg sjálfbærni.“ Lögð var áhersla á að draga saman norrænar rannsóknir um stöðu

viðkvæmra hópa í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Í málstofum vettvangsins gátu rannsakendur, sérfræðingar og aðrir stefnumótandi aðilar deilt þekkingu sinni og fróðleik með samstarfsfélögum á Norðurlöndum. Síðast en ekki síst var rýnt í Norræna félagsvísa og hvernig þeir geta nýst við stefnumótun. Frekari upplýsingar um starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <https://nordicwelfare.org/>

Norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað (Svalbarðshópur)

Starfsemi Svalbarðshópsins var takmörkuð á árinu. Lokið var við sameiginlega vefsíðu og einnig unnið með samnorrænan samning um flutning brunasjúklinga. Mikil samnorræn vinna var hins vegar vegna COVID-19 á milli sóttvarnalækna landanna m.a. vegna bólusetninga við faraldrinum.

Norrænt samstarf um starfsréttindi heilbrigðisstétta

Norrænn starfshópur um starfsréttindi heilbrigðisstétta (NGH) hélt tvo fjarfundi á árinu. Á fyrri fundinum í maí var rætt um rafræn samskipti milli ríkjanna og tilkynningar um takmarkanir og sviptingar á starfs- og sérfræðileyfum heilbrigðisstarfsmanna um gagnagrunn framkvæmdastjórnar ESB sem nefndur er „IMI“ (e. Internal Market Information System). Svíþjóð upplýsti að stefnt væri að því að sjúkraliðar yrðu löggild heilbrigðisstétt þar í landi árið 2023. Þá kynnti Svíþjóð fyrirhugaðar breytingar á læknisfræðinámi að því er varðar niðurfellingu á svokallaðri „Allmäntjänstgöring“ sem var skyldubundin starfsþjálfun fyrir útskrifaða lækna. Breytingarnar lytu að því að í stað þess að útskrifaðir læknar lykju slíkri starfsþjálfun eftir grunnnám í læknisfræði væri hún hluti af sérfræðinámi þeirra. Í dag nefnist slík starfsþjálfun „Bastjänstgöring.“ Ákveðið aðlögunartímabil væri fyrst um sinn áður en nýtt fyrirkomulag tæki alfarið við. Þá voru af hálfu Íslands kynntar sambærilegar breytingar sem gerðar voru í byrjun apríl á reglugerð um lækna nr. 467/2015 hér á landi. Þær lytu að niðurfellingu kandidatestíms lækna en í stað þess þyrftu útskrifaðir læknar á Íslandi, sem hygðust hefja sérnám í læknisfræði, að ljúka sérnámsgrunni sem væri fyrsti hluti sérnámsins. Þá kynnti Finnland eftirlitsstarfsemi Valvira, sem hefur eftirlit með heilbrigðisstarfsfólki í Finnlandi. Einnig var rætt hvort breytingar á Arjeplogsamningnum, um viðurkenningu á tilteknum heilbrigðisstéttum, hefðu haft einhver vandkvæði í för með sér. Bent var á að leyfisveitingar til þeirra sem samningurinn tekur til tækju nú lengri tíma en áður og þyrfti í mörgum tilfellum að fara fram mat á menntun og hæfi áður en leyfi væri veitt.

Á síðari fundinum í nóvember var rætt um stöðu innleiðingar evrópska fagskírteinisins sem unnt er að sækja um á öllum Norðurlöndunum fyrir utan Noreg og Ísland. Norðmenn upplýstu að fljótlega yrði unnt að taka á móti umsóknum um skírteinið þar í landi og Ísland greindi frá því að unnið væri að móttöku umsókna um slík skírteini. Þá voru ræddir dómur EFTA-dómstólsins í málum E-3/20 og E-4/20 og áhrif þeirra á leyfisveitingar innan Norðurlandanna. Af hálfu Íslands var kynntur nýlegur dómur EFTA-dómstólsins í máli E-17/20 sem kveðinn var upp 10. nóvember 2021 er varðar m.a. beiðni um útgáfu svokallaðs CCPS-vottorðs. Fyrir hönd Danmerkur var upplýst um stofnsetningu nýrrar kærunefndar í eftirlitsmálum heilbrigðisstarfsmanna. Enn fremur var skipst á upplýsingum um hvort útgáfu leyfisveitinga hafi fjölgað eða fækkað á Norðurlöndunum vegna faraldursins. Í flestum tilfellum hefur fjöldinn haldist nokkuð stöðugur. Loks spurði fulltrúi Íslands aðra aðila hvort lönd þeirra gæfu út sérfræðileyfi í undirsérgreinum læknisfræði. Fyrir utan Ísland gefur aðeins Svíþjóð (Socialstyrelsen) út slík sérfræðileyfi í tilteknum níu undirsérgreinum. Á Íslandi er unnt að sækja um sérfræðileyfi í alls 102 undirsérgreinum læknisfræði, skv. reglugerð nr. 467/2015.

Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO) og norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO)

Norræna hagskýrslunefndin NOSOSKO og norræna heilbrigðistölfræðinefndin NOMESKO safna tölfræðiupplýsingum frá Norðurlöndunum um málefni er lúta að félags- og heilbrigðismálum og miðla þeim með aðgengilegum hætti. Á árinu 2021 var lögð áhersla á að halda áfram að þróa og bæta enn frekar vefsíðu nefndanna en um er að ræða gagnvirka framsetningu tölfræðiupplýsinga á sviði félags- og heilbrigðismála. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu nefndanna á vefslóðinni <https://nhwstat.org/>.

Norrænt samstarf um lyfjamál

Fjarfundur vinnuhóps um lyfjamál (e. Working Group on Exchange of Information and Experiences in the Medicine Area, WGEMA, Nordisk arbejdsgruppe på pris- og tilskudsområdet for lægemidler) var haldinn í janúar 2021. Rætt var um hvernig Norðurlöndin gætu tryggt nauðsynleg lyf í COVID-19 faraldrinum og viðbrögð við lyfjaskorti. Á fjarfundi í september var rætt um notkun heilbrigðistæknimata (e. Health Technology Assessments, HTA) við innleiðingu nýrra lyfja. Einnig var rætt um hvernig draga mætti umhverfisþætti

inn í lyfjaútboð. Í október var haldinn rafrænn fundur um hvernig mætti auka lyfjafræðilega þjónustu í lyfjabúðum. Í nóvember var haldinn fjarfundur um þróun netapóteka, innleiðingu á líftæknilyfjahliðstæðum þegar einkaleyfi renna út og þróun á lyfjafræðilegri þjónustu í lyfjabúðum. Af starfi undirhópa er helst að nefna starfsemi hóps sem var falið að kortleggja og kanna hvernig bregðast mætti við skorti á lífsnauðsynlegum lyfjum og þá helst sjúkrahússlyfjum.

Norrænt samstarf um sjaldgæfa sjúkdóma

Árið 2016 stofnaði embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál norrænt samstarfsnet um sjaldgæfa sjúkdóma (e. Nordic Network on Rare Diseases, NNRD). Þar fer fram fræðsla og miðlun þekkingar um hin ýmsu verkefni á sviði sjaldgæfra sjúkdóma. Starfið hefur styrkt samstarf á milli landanna og stofnana í löndunum sjálfum. Þetta samstarf hefur reynst okkur fámennri þjóð mikilvægt, m.a. vegna þess að fjölmennari þjóðir eru almennt komnar lengra í skipulagi og mótun landsáætlana á sviði sjaldgæfra sjúkdóma. Árið 2021 bar Finnland ábyrgð á verkefninu. Þar var finnsku stofnuninni á sviði heilsu og velferðar (e. The Finnish Institute for Health and Welfare) falið að sjá um NNRD-verkefnið fyrir hönd finnska félags- og heilbrigðisráðuneytisins. Þrátt fyrir erfitt ástand vegna COVID-19 stóð Finnland fyrir vönduðu málþingi í fjarfundarformi þann 12. nóvember. Vakin var athygli hér á Íslandi á þessum viðburði sem var öllum opin fyrir milligöngu tengiliðar verkefnisins hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð. Nánari upplýsingar um viðburðinn og dagskrá má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <https://www.greining.is/is/greiningarstod/frettir/norraenn-fraedslufundur-um-sjaldgaefa-sjukdoma-12-november-2021->. Noregur tók við ábyrgð á NNRD-verkefninu fyrir árið 2022.

Samstarfshópur um stafræna heilbrigðisþjónustu – eHealth group

Frá árinu 2011 hefur starfað norrænn samstarfshópur um stafræna heilbrigðisþjónustu. Samstarfshópurinn hefur það markmið að auka þekkingu á notkun upplýsingatækni á heilbrigðissviði á Norðurlöndunum og stuðla að forystuhlutverki Norðurlandanna þegar kemur að innleiðingu á upplýsingatækni á heilbrigðissviði. Hópurinn deilir upplýsingum um stöðu mála og stefnur stjórnvalda innan hvers lands og stendur vörð um norræn sjónarmið hvað varðar stefnu Evrópusambandsins um upplýsingatæknimál á heilbrigðissviði til að geta haft sem mest áhrif þar. Hópurinn hittist fimm sinnum á árinu á fjarfundum og var m.a. mikið rætt um COVID-19-tengd málefni, eins og rakningar smáforrit

(rakningarapp) og evrópskt bólusetningarvottorð. Einnig fjallaði hópurinn um stafræna þróun og staðla Evrópusambandsins er varða heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Á árinu tók Noregur við formennsku hópsins en Ísland var með formennskuna árið á undan.

Á vegum samstarfshópsins starfa tveir undirhópar. Undirhópurinn „Nordic eHealth Research Network“ (NeRN) starfar með sérfræðingum í samanburði á innleiðingu á stafrænni heilbrigðisþjónustu og undirhópurinn „Nordic Standardization Group“ snýr að stöðlum sem eru nauðsynlegir fyrir miðlun heilbrigðisgagna milli aðila í heilbrigðisþjónustu.

Norrænt samstarf um áfengis- og vímuvarnir

Norrænu vímuvarnaráðstefnunni var enn á ný frestað vegna COVID-19 faraldursins en hana átti að halda samhliða Norrænu lýðheilsuráðstefnunni í júní. Í staðinn voru skipulagðir tveir rafrænir fundardagar. Á fyrri deginum var fjallað um áfengistengd málefni og á þeim síðari var rætt um önnur vímuefni. Meðal umfjöllunarefna má nefna ástæður áfengisdrykkju, áfengi og krabbamein og áskoranir vegna COVID-19. Þá var fjallað um afglæpavæðingu eða refsileysi vímuefnanotkunar. Norræni embættismannahópurinn um áfengi (Nordiska tjänstemannagruppen på alkoholområdet) og norræni embættismannahópurinn um vímuefni (Nordiska tjänstemannagruppen för narkotikafrågor) funduðu rafrænt á árinu. Á fundinum um áfengismál var meðal annars fjallað um stýringu áfengisnotkunar barna og ungmenna, reynslu af aldursmörkum til áfengiskaupa og einnig áfengisnotkun framhaldsskólanema. Þá var fjallað um nýja aðgerðaáætlun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar til að draga úr skaðlegri notkun áfengis en hún nær til árána 2022-2030. Upp kom spurning um hvort efla þurfi samstarf um aðra málaflokka t.d. fjárhættuspil. Helstu mál á fundunum um áfengi og önnur vímuefni voru meðal annarra dauðsföll á Norðurlöndunum vegna vímuefna og lögð var fram tillaga um að stofna norrænan hóp sérfræðinga til að skoða bestu leiðir til að koma í veg fyrir slík dauðsföll. Noregur vinnur að hliðarviðburði um staðla í forvörnum á fundi fíkniefnanefndar Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations Commission on Narcotic Drugs) þar sem fjalla á um samanburð og mat á stöðlum SP og þeirri vinnu sem í raun fer fram. Jafnframt, hvort og hvernig forvörnum í hverju landi er framfylgt og gæðum þeirra. Þá var sérstök umræða um ný verkefni eða leiðir varðandi vímuefni og lærdóm af áskorunum vegna COVID-19. Unnið er að því að endurvekja samstarf um áfengistölfraði og tók Finnlandi að sér að hefja verkefnið en finna þarf varanlegan farveg fyrir þá vinnu.

Jafnréttismál og málefni hinsegin fólks

Norræna ráðherranefndin um jafnrétti kynja og málefni hinsegin fólks (MR-JÄM) starfar á grundvelli sérstakrar samstarfsáætlunar sem samþykkt var fyrir tímabilið 2019 til 2022, með viðbót um málefni hinsegin fólks frá 2020. Á árinu 2021 var ákveðið að samstarfsáætlunin skuli gilda út 2024 til samræmis við framkvæmdaáætlun um framtíðarsýn 2030.

Fundir í nefndinni

Tveir rafrænir fundir voru haldnir í nefndinni á árinu 2021. Á fyrri fundinum þann 6. september ræddu ráðherrar jafnréttismála stöðu verkefna sem tengjast launamun kynjanna í löndunum og samþykktu að nýju verkefni um lífsgæði eldra hinsegin fólks yrði komið á fót. Auk þess voru kynntar niðurstöður samantektar um kynjajafnrétti á leikskólastigi.

Ása Regnér, aðstoðarframkvæmdastjóri UN Women, var gestur síðari fundarins 18. október þar sem rætt var um framhald verkefnanna „Nordic Gender Effect“ og „Generation Equality Forum“ eða „Kynslóð jafnréttis“. Verkefnið „Nordic Gender Effect“ er sameiginlegt kynningarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um norrænar stefnur í jafnréttismálum og áhrif þeirra á velferð þjóðanna. „Kynslóð jafnréttis“ er alþjóðlegt jafnréttisátak á vegum UN Women þar sem alþjóðastofnanir, ríki, frjáls félagasamtök og einkaaðilar sameinast um úrbætur í jafnréttismálum í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Ísland er meðal þeirra landa sem leiðir eitt af aðgerðabandalögum verkefnisins um kynbundið ofbeldi.

Á fundinum var einnig rætt um mikilvægi samstöðu Norðurlandanna gegn vaxandi alþjóðlegri andstöðu þegar kemur að réttindum kvenna og hinsegin fólks. Norræna ráðherranefndin lét gera norrænan vegvísi (e. Nordic Roadmap) sem snýst um þær aðferðir sem ríkin nota til að bregðast við andstöðu. Markmiðið er að Norðurlöndin tali skýrt gegn bakslagi og andstöðu við jafnrétti kynja og hinsegin fólks.

Ný þekking

Formennskuár Finnlands í nefndinni var metnaðarfullt og áhugavert þó að heimsfaraldur hafi víða sett strik í reikninginn. Á árinu voru birtar margar nýjar samantektir og rannsóknir á vegum nefndarinnar og haldnir netviðburðir til að

kynna niðurstöður þeirra. Árið hófst með tveggja daga netráðstefnu undir yfirskriftinni: „Gender-based Hate, Threat and Harassment on the Internet.“ Markmið ráðstefnunnar var að draga fram fyrirmyndarverkefni og áþreifanlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir kynbundið hatur og áreitni á netinu og neikvæðar afleiðingar þess fyrir fólk og samfélagið í heild. Á formennskuári Danmerkur 2020 var rannsóknin „The angry internet: A threat to gender equality, democracy & well-being“ unnin og voru niðurstöður hennar kynntar á netráðstefnu sama ár.

Auk þessara útgáfa má nefna samantektir unnar af NIKK, Norræns upplýsingaseturs um kynjafræði, sem nefndin rekur. Um er að ræða eftirfarandi útgáfur: „Jämställldhetseffekter av covid-19 – Kunskap och initiativ i Norden,“ „Genusperspektiv på framtidens högteknologiska arbetsliv – en nordisk forskningsöversikt om utbildningsval inom STEM,“ „Hälsa, välmående och livsvillkor bland unga LGBTI-personer i Norden“ og „Hatbrott mot LGBTI-personer i Norden: En kartläggning av strategier, arbetssätt och insatser“. Útgáfurnar varpa ljósi á stöðu þekkingar á þessu sviði og nýtast aðildarríkjunum en þær eru rafrænar og aðgengilegar á heimasíðu NIKK (www.nikk.no). Samantektirnar voru kynntar með rafrænum hætti og var þátttaka í viðburðum góð.

Auk þessa styrkti Norræna ráðherranefndin tvo stóra viðburði á árinu. Annars vegar mannréttindaráðstefnu á „World Pride“ í Kaupmannhöfn á vegum „InterPride“, alþjóðlegra samtaka félaga sem skipuleggja viðburði tengda lífi og menningu hinsegin fólks og hins vegar ráðstefnuna „Reykjavík Dialogue“ í Hörpu sem helguð var baráttunni gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Auk „Reykjavík Dialogue“ var haldinn heimsfundur aðgerðasinna og kvennasamtaka. Markmið þessara viðburða var að safna saman hugmyndum og reynslu þegar kemur að hefðbundnum og óhefðbundnum leiðum til að ná fram réttlæti fyrir þolendur kynbundins ofbeldis.

Nefndin rekur tvo verkefnasjóði, sem eru: „Nordisk jämställldhetsfond“ og „Nordisk LGBTI-fond“, sem styrkja samstarfsverkefni milli Norðurlandanna. Úthlutað var úr sjóði til hinsegin málefna í fyrsta skipti 2021. Upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðanna er að finna á heimasíðu NIKK (nikk.no).

Vinnumál

Norrænt samstarf á sviði vinnumála hefur það markmið að standa vörð um og þróa áfram meginreglur hins sameiginlega norræna vinnumarkaðar sem er

hornsteinn norræns samstarfs og velferðarkerfis. Samstarfið um vinnumál tekur til atvinnuþátttöku og atvinnumarkaðar ásamt vinnuumhverfis og vinnuréttar.

Undir norrænu ráðherranefndina um vinnumál heyra, auk embættismannanefndarinnar, þrjár nefndir: Nefnd um vinnumarkað, nefnd um vinnurétt og nefnd um vinnuvernd. Á vegum samstarfsins er gefið út vefritið *Arbetsliv i Norden* auk þess sem stutt er við ungmennaverkefnið „Nordjobb.“ Undir ráðherranefndinni er einnig rekin stofnun um framhaldsmenntun á sviði vinnuverndar (NIVA) sem er staðsett í Helsinki.

Árið 2021 voru haldnir tveir ráðherrafundir um vinnumál, annars vegar óformlegur ráðherrafundur þann 2. júní í gegnum fjarfundabúnað og hins vegar formlegur ráðherrafundur í Helsinki þann 23. nóvember.

Boðað var til sérstaks fjarfundar þann 2. júní til að kynna fyrir ráðherrum og eiga umræður um lokaniðurstöður hins norræna rannsóknarverkefnis um framtíð vinnunnar sem hófst árið 2017 og lauk 2021. Verkefnið hefur verið kjarninn í samstarfinu síðustu árin undir leiðsögn Fafo, rannsóknarstofnunar í Noregi. Stofnunin skilaði sjö skýrslum sem vörpuðu mismunandi ljósi á helstu áskoranir á vinnumarkaði framtíðarinnar og lagði í hendur ráðherra gögn um hvað beri að hafa í huga við framtíðarstefnumörkun í málaflokknum.

Á formlegum ráðherrafundi (MR-A) í Helsinki þann 23. nóvember bar hæst þemaumræða ráðherranna, annars vegar um svokölluð netvangsstörf (e. platform work) og hins vegar um andlega líðan fólks á vinnumarkaði. Í umræðum tóku þátt Guy Ryder, forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og fulltrúar frá aðilum vinnumarkaðarins í Finnlandi. Á fundinum skiptust ráðherrar á upplýsingum um stöðuna á vinnumarkaði í löndunum en áttu auk þess sérstakar umræður í kvöldverði um helstu áskoranir á vinnumarkaði þegar heimsfaraldur myndi fjara út.

Verkefni tengd framtíðarsýn og gerð nýrrar samstarfsáætlunar í vinnumálum

Líkt og á öðrum fagsviðum norrænnar samvinnu hefur vinnumálasamstarfið tekið þátt í að hrinda af stað nýjum rannsóknarverkefnum sem unnin eru í samstarfi margra fagsviða með markmið framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar að leiðarljósi um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Mikill áhugi hefur verið á því í norrænu samstarfi að draga lærdóm af viðbrögðum stjórnvalda við heimsfaraldri á vettvangi vinnumarkaðar og var ákveðið að fela Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) að vinna sérstaka

greiningu út frá eigin gögnum á viðnámsþrótti norræns vinnumarkaðar í heimsfaraldri. Sérstök áhersla verður lögð á að líta til framtíðar en einnig að draga lærdóm af þeim viðbrögðum sem löndin gripu til með sértækum aðgerðum á vinnumarkaði. Stefnt er að því að niðurstöðurnar geti orðið efni þemaumræðna á ráðherrafundi um vinnumál í lok árs 2022. Verkefnið er unnið í samstarfi við fagsvið ráðherranefnda MR-S, MR-JÄM og MR-Finans.

Í framtíðarsýn fyrir 2030 er það sérstakt markmið að auka atvinnuþátttöku jaðarhópa til að treysta félagslega sjálfbæran og samkeppnishæfan vinnumarkað. Í ljósi þess var ákveðið í norrænu samstarfi á sviði vinnumála að setja af stað rannsóknarverkefni til fjögurra ára til þess að greina með hvaða hætti fjölga megi þátttakendum á vinnumarkaði og vinna með þær hindranir sem ólíkir hópar þurfa að takast á við til að hefja þar störf. Verkefnið er unnið í samstarfi við fagsvið ráðherranefnda MR-JÄM og MR-S.

Á sviði vinnumála verður áfram stutt við rannsóknir á þeim breytingum sem nú þegar hafa átt sér stað og ljóst er að munu eiga sér stað á vinnumarkaði í framtíðinni og jöfnum höndum munu ráðherrar fá kynningar og taka umræður um mismunandi leiðir sem unnt er að fara. Á árinu 2021 var ákveðið að styrkja rannsóknarverkefni sem er nefnt „Future Working Life“ og er á vegum NordForsk. Um er að ræða mjög umfangsmikið verkefni sem Norrænt samstarf á sviði vinnumála mun fylgja vel eftir næstu fjögur árin.

Á sviði vinnuverndar var mikil áhersla á fjarvinnu og breytingar á vinnumarkaði út frá vinnuverndarfræðum. Ný rannsóknarverkefni voru sett af stað sem lúta að vinnuumhverfi framtíðar, forvörnum gegn vinnutengdum hálsverkjum, forvörnum gegn langtímafjarvistum á vinnumarkaði auk þess að setja af stað vinnu við gerð námsefnis um vinnuvernd fyrir skóla á Norðurlöndunum.

Árið 2021 lauk áhugaverðu verkefni um möguleika fatlaðs fólks til aukinna atvinnutækifæra með bættri tækni. Norræna velferðarmiðstöðin vann verkefnið og rýnir þar í með hvaða hætti löndin þurfa að auka stuðning við fatlað fólk til þess að það geti notið góðs af þeim tæknibreytingum sem eru orðnar og munu verða. Verkefnið veitir góðan grunn fyrir framtíðarstefnumörkun í málaflokknum, sérstaklega hvað varðar ungt fatlað fólk.²

² Nánari upplýsingar og gögn má nálgast á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar á eftirfarandi vefslóð: <https://nordicwelfare.org/projekt/framtidens-arbetsliv/>

Árið 2021 fór fram vinna við gerð nýrrar samstarfsáætlunar í vinnumálum fyrir árin 2022-2024 þar sem var í fyrsta skipti tekið mið af markmiðum framtíðarsýnarinnar. Stefnumarkandi áherslur norrænnar samvinnu í vinnumálum fyrir árin 2022-2024 verða eftirfarandi:

Græn Norðurlönd

- Að tryggja að hæfni sé til staðar á vinnumarkaði til að mæta réttlátum grænum umskiptum.
- Að tryggja að réttlátu grænu umskiptin skapi góð atvinnutækifæri.

Samkeppnishæf Norðurlönd

- Að auka atvinnuþátttöku viðkvæmra hópa.
- Að ná stöðugleika á norrænum vinnumarkaði eftir áföllin af völdum COVID-19 og búa hann undir hugsanleg áföll í framtíðinni.
- Að tryggja að aðstæður á vinnumarkaði séu öruggar.
- Að finna lausnir á áskorunum sem vinnumál framtíðarinnar standa frammi fyrir.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

- Að efla heilbriggt og öruggt vinnuumhverfi.
- Að treysta frjálst flæði og draga úr eða koma í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir.
- Að tryggja að strjálbýl svæði verði félagslega sjálfbær.
- Að efla jafnræði og jafnrétti á vinnumarkaði

Löggjafarsamstarf

Samstarfið í norrænu embættismannanefndinni um löggjafarsamstarf (EK-JUST) um málefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytin bar merki heimsfaraldursins árið 2021. Fundir embættismannanefndarinnar EK-JUST voru allir rafrænir og einnig eini fundur dómsmálaráðherranna (MR-JUST). Þrír embættismannafundir voru haldnir eins og vanalega; í febrúar, apríl og október. Fundur dómsmálaráðherranna var haldinn í júní. Á ráðherrafundinum ræddu ráðherrarnir viðbrögð við COVID-19, samstarf um að erlendir fangar afpláni

refsingu í heimalandi sínu og baráttuna gegn mansali. Gestur fundarins var Ylva Johansson, framkvæmdastjóri innanríkismála hjá framkvæmdastjórn ESB. Á fundinum gerði hún m.a. grein fyrir nýrri áætlun Evrópusambandsins gegn mansali fyrir árin 2021-2025. Á fundinum var rætt hvernig Norðurlöndin gætu sameinað krafta sína í baráttunni gegn mansali. Samþykktu ráðherrarnir að fela embættismannanefndinni EK-JUST það verkefni að gera skýrslu um þörfina á norrænni samvinnu á þessu sviði og hvar áherslur í samvinnunni skyldu liggja. Taka skal skýrsluna til umræðu á næsta ráðherra fundi árið 2022.

Á formennskuárinu lagði Finnland í EK-JUST mesta áherslu á aðgerðir gegn mansali. Í nóvember 2021 var haldin málstofa í Helsinki þar sem rætt var um hvernig norrænu ríkin gætu barist gegn mansali með sem bestum árangri. Verður afrakstur þessarar málstofu lagður til grundvallar í skýrslu um samvinnu Norðurlandanna um aðgerðir gegn mansali sem kynna á dómsmálaráðherrum á fundi þeirra árið 2022.

Fundur var haldinn í starfshópi um fjölskyldumálefni en fundi í starfshópi um refsirétt var frestað fram á næsta ár. Báðir þessir stafshópar eru undir embættismannanefndinni EK-JUST. Einn fundur var haldinn í Norræna-baltneska samstarfinu en fundur dómsmálaráðherra ríkjanna, sem halda átti í september, var felldur niður. Áfram var unnið að ýmsum verkefnum á vegum embættismannanefndarinnar, m.a. verkefni þar sem teknar voru saman aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir spillingu í viðskiptalífinu.

Efnahags- og fjármál

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MR-FINANS)

Norræna embættismannanefndin um efnahags- og fjármál (EK-FINANS)

Markmið samstarfs á sviði ríkisfjármála og efnahagsmála er að efla efnahagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbæra þróun og styrkja með því hið norræna velferðarlíkan ásamt því m.a. að styðja sameiginlega efnahagslega og fjárhagslega hagsmuni á alþjóðavettvangi. Þessi markmið eru í samræmi við framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar, sem samþykkt var árið 2019, um það að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030.

Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlandanna náðu ekki að halda fund á árinu m.a. vegna kosninga á Íslandi og í Noregi. Embættismannanefndin hélt aftur á móti fjóra fundi og voru þeir allir rafrænir vegna kórónuveirufaraldursins.

Verkefni embættisnefndarinnar eru nokkur; í fyrsta lagi má nefna útgáfu vef tímaritsins *Nordic Economic Policy Review*. Tölublað ársins 2021 kom út í maí og var helgað norrænum húsnæðismörkuðum og húsnæðisstefnu (e. Nordic Housing Markets and Policies). Þar kemur fram að norrænir húsnæðismarkaðir standa að mörgu leyti frammi fyrir sömu vandamálum og áskorunum en oft er ólíkt milli landa hvernig tekið er á þeim. Samanburður milli landanna er því áhugaverður og ætti að geta nýst vel við stefnumótun þeirra á þessu sviði. Í öðru lagi hefur nefndin í áraraðir lagt til fjármagn í þverlægan vinnuhóp um umhverfis- og efnahagsmál. Í þriðja lagi tekur nefndin þátt í einu af nýju þverfaglegu verkefnum í hinu norræna samstarfi um það hvernig hagvöxtur og réttlát græn umskipti geta fléttast saman en verkefnið er liður í framkvæmdaráætlun um áðurnefnda framtíðarsýn fyrir árið 2030. Þá má nefna að lögð voru drög að nýju verkefni þar sem safna á saman upplýsingum um hvernig löndin nota líkön, eða þróa líkön, um það hvernig samþætta megi fjármögnun lofslagsmála og áætlanir í efnahagsmálum til að ná markmiðum Norðurlandanna í loftslagsmálum. Markmiðið er að löndin nái að breiða út þekkingu sína á þessu sviði með því að miðla innbyrðis þeirri þekkingu og reynslu sem þau hafa aflað hvert fyrir sig.

NORDBUK

Starfsemi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK) á árinu 2021

Heimsfaraldurinn hafði töluverð áhrif á starfsemi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK) á árinu 2021 og fóru allir fundir nefndarinnar 2021 fram með fjárfundarbúnaði. Töluverð hækkun var á fjárframlögum til nefndarinnar en hún er að mestu leyti bundin í verkefnum tengdum framtíðarsýninni fyrir 2030.

Mat á styrkjaáætlun Nordbuk, Norden 0–30

Á síðasta ári var farið í úttekt á styrkjaáætlun NORDBUK, Norden 0–30. Hún leiddi í ljós að frekar lítil almenn þekking sé á styrkjaáætluninni. Ýmislegt kemur þar til, eins og áhugi á norrænni samvinnu og ólík uppbygging styrkjakerfa innan ríkjanna. Í að minnsta kosti þremur Norðurlöndum virtist mestu hindrunin vera að finna samstarfsaðila. Hér þarf frekari stuðning og einhvern gagnagrunn þar sem hægt er að leita í. Í kjölfarið var lagt til að lækka þröskuldinn um fjölda samstarfsaðila og samþykkja samstarf tveggja landa ef annað landið er Ísland,

Færeyjar, Grænland eða Álandseyjar. Einnig er ráðgert að fara í frekari markhópagreiningu í samræmi við niðurstöður úttektarinnar.

Unnið er að kynningarherferð sem mun beinast að sjálfstjórnarsvæðunum. Að öðru leyti er nokkuð jöfn þátttaka meðal hinna Norðurlandanna, miðað við höfðatölu.

Norrænir vísar um börn og ungmenni

Unnið hefur verið að þróun vísa sem geta verið lýsandi fyrir stöðu barna og ungmenna á Norðurlöndunum. Lagðir eru til alls 22 þematengdir vísar en helsta áskorunin hefur verið að finna samanburðarhæf gögn. Lengi hefur verið rætt um mikilvægi þess að til sé samnorræn tölfræði um börn og ungmenni. Árið 2019 lagði NORDBUK til 100 þús. DKK til þróunar á slíkum vísam og sá Nordregio um þróun þeirra. Markmiðið er að draga fram tölfræði um börn og ungmenni á Norðurlöndunum og til að styðja við Framtíðarsýnina 2030.

Greining á réttindum barna og ungs fólks innan Norrænu ráðherranefndarinnar

Unnið hefur verið að því að þróa innri greiningu á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar sem mun styðja nefndina til að vinna enn frekar út frá sjónarhorni barna og ungmenna og stuðla að framkvæmd stefnunnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnrétti kynjanna og réttindi barna og ungmenna. Þessi greining nær lengra en Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna því áhersla er lögð á að móta greiningu fyrir börn og ungmenni til allt að 25 ára aldurs. Samhliða þessari vinnu samþykkti NORDBUK að þróa matstæki á þátttöku bæði barna og ungmenna.

Áhrif heimsfaraldurs COVID-19 á börn og ungmenni

Á síðasta ári hófst samstarfsverkefni milli NORDBUK, ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (EK-S) og Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC). Um er að ræða fjögurra ára samstarfsverkefni um að safna upplýsingum er varða áhrif heimsfaraldursins á börn og ungmenni. Einnig á að skoða hvernig rödd þeirra heyrir í slíkum aðstæðum.

Fylgiskjal I

Uppbygging norræns samstarfs

Norræna ráðherranefndin samanstendur af ellefu fagraðherranefndum auk tímabundinnar ráðherranefndar um stafræn málefni. Samstarfsráðherrar Norðurlanda sjá um samræmingu á norræna ríkisstjórnarsamstarfinu í umboði norrænna forsætisráðherra. Með ráðherranefndunum starfa embættismannanefndir og eftir atvikum starfa vinnuhópar og sérfræðinganefndir á þeirra vegum. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn styður við starfið með sérfræðiaðstoð og undirbúningi funda. Innan vébanda nefndarinnar eru starfræktar norrænar stofnanir, sjá skrá hér að neðan.

Í kjölfar þingkosninga á Íslandi í september 2021 tók annað ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur til starfa 28. nóvember 2021 og breyttist skipan í ráðherranefndum af hálfu Íslands í kjölfarið. Í yfirlitinu hér að neðan er ráðherrann sem sinni nefndinni fram að þeim tíma nefndur fyrstur og þar á eftir í sviga ráðherrann sem tók við.

Samstarfsráðherra Norðurlanda (MR-SAM)

Sigurður Ingi Jóhannsson, samstarfsráðherra Norðurlanda (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, samstarfsráðherra Norðurlanda)

Norræna samstarfsnefndin (NSK)

Ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra)

Embættismannanefnd um fiskveiðar og fiskeldi (EK-FJLS/Fiskeri og havbrug)

Embættismannanefnd um landbúnað (EK-FJLS/Jordbrug)

Embættismannanefnd um matvæli (EK-FJLS/Levnedsmidler)

Embættismannanefnd um skógrækt (EK-FJLS/Skovbrug)

Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen)

Ráðherranefnd um sjálfbæran hagvöxt (MR-VÆKST)

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra (Lilja D. Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra) (atvinnu- og orkustefna)

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra) (byggðastefna)

Embættismannanefnd um atvinnustefnu (EK-N)

Embættismannanefnd um orkustefnu (EK-E)

Embættismannanefnd um byggðastefnu (EK-R)

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk Innovation)

Norrænar orkurannsóknir (NEF)

Norræn rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála (Nordregio)

Norræna Atlantssamstarfið (NORA)

Ráðherranefnd um umhverfis- og loftslagsmál (MR-MK)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra)

Embættismannanefnd um umhverfis- og loftslagsmál (EK-MK)

Ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U)

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra (Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra)

Embættismannanefnd um menntamál og rannsóknir (EK-U)

Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)

Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K)

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra (Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra) (menningarmál)

Embættismannanefnd um menningarmál (EK-K)

Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)

Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)

Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)

Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)

Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)

Norræna menningargáttin (NKK) (Kulturkontakt Nord)

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra) (félagsmál)

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra (Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra) (heilbrigðismál)

Embættismannanefnd um félags- og heilbrigðismál (EK-S)

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)

Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-JÄM)

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Embættismannanefnd um jafnréttismál (EK-JÄM)

Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A)

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra)

Embættismannanefnd um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A)

Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)

Ráðherranefnd um löggjafarsamstarf (MR-JUST)

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra (Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra)

Embættismannanefnd um löggjafarsamstarf (EK-JUST)

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármálastefnu (MR-FINANS)

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Embættismannanefnd um efnahags- og fjármálastefnu (EK-FINANS)

Tímabundin ráðherranefnd um stafræna væðingu (MR-DIGITAL)

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Embættismannanefnd um stafræna væðingu (HNG-DIGITAL)

Fylgiskjal II

Skammstafanir og aðrar stofnanir norræns samstarfs

NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfis-fjármögnunarfélagið
NDF	Nordic Development Fund – Norræni þróunarsjóðurinn
NEF	Nordisk Energiforsking – Norrænar orkurannsóknir
NGH	Nordisk gruppe for helsepersonell - Norrænn starfshópur um starfsréttindi heilbrigðisstétta
NIB	Nordiska investeringsbanken – Norræni fjárfestingarbankinn
NIKK	Nordisk information for kundskab om køn – Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði
NIOM	Nordisk Institutt for Odontologiske Materialer – Norræna tænnlæknastofnun
NIVA	Nordisk institution for videreuddannelse indenfor arbejdsmiljøområdet – Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd
NJC	Nordisk Journalistcenter – Norræna blaðamannamiðstöðin
NKJ	Nordisk Kommitté För Jordbruks- och Matforskning – Norræna samstarfsstofnunin um landbúnaðarrannsóknir
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NNRD	Nordic Network on Rare Diseases – Norrænt samstarfsnet um sjalgæfa sjúkdóma
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantssamstarfið

NordBio	Nordisk bioökonomi – Norræna lífhagkerfið
NORDBUK	Nordisk Børne- og Ungdomskomiteé – Norræn barna- og ungmennanefnd
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknarráðið
NordGen	Nordiskt Genresurscenter – Norræna erfðaauðlindastofnunin
Nordisk Innovation	Norræna nýsköpunarmiðstöðin
Nordplus	Nordisk mobilitets- og netværksprogram for uddannelsesområdet – Norræn menntaáætlun fyrir nemendaskipti og tengslanet
Nordregio	Norræn rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomiteé – Norræna hagskýrslunefndin
NVC	Nordens Vælfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
NVL	Nordisk Netværk for Voksnes Læring - Norræna tengslanetið um nám fullorðinna
SNS	SamNordisk Skogsforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir